Lesið í blóð í Svörtum söndum

Lífið ➤ 40



Sameinast í jólastuði

Lífið ➤ 42











# FRÉTTABLAÐIÐ

253. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

FÖSTUDAGUR 24. DESEMBER 2021


## Allir jafnir heima hjá ömmu Sjöllý

Hvort sem fólk er að koma úr afvötnun eða afplánun, kynleiðréttingu eða af kóræfingu, þá tekur Amma Sjöllý öllum sínum mörgu leigjendum af fordómaleysi. ➤ 16

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




## Færri í athvarfinu um jólin en í fyrra

birnadrofn@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Um það bil fimmtán konur og börn verða í Kvennaathvarfinu í Reykjavík um jólin. Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra athvarfsins, segir það færri en í fyrra. „Það er vegna þess að áfangaheimilið okkar hefur verið opnað,“ segir hún og vísar til áfangaheimilis Kvennaathvarfsins sem var opnað í september.



Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins

„Þetta er mjög ánægjulegt og gerir það að verkum að við getum auðveldlega tekið á móti nýju fólki. Það hefur mikið verið hringt í okkur undanfarna daga, margar konur eru að hugsa sér til hreyfings“ segir Sigþrúður.

Hún segir Kvennaathvarfinu hafa borist frábærar gjafir og styrkir frá bæði einstaklingum og fyrirtækjum, ekkert skorti fyrir jólin. „Það er alveg ótrúlegt og kemur okkur á óvart á hverju ári hversu margir hugsa fallega til okkar um jólin,“ segir Sigþrúður.

Kvennaathvarfið í Reykjavík og á Norðurlandi er opið allan sólarhringinn um jólin. ■

## Undirbúningur í fullum gangi



Sjálfboðaliðar Samhjálpar voru í óðaönn að undirbúa jólamatinn fyrir þá einstaklinga sem fá mat hjá samtökunum á morgun. Ekki verður mögulegt að hafa borðhald eins og vaninn er á aðfangadag að þessu sinni. Maturinn verður þess í stað sendur á viðeigandi staði. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Humarinn á útleið af jólaborðinu

bth@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** „Ég verð með humar á mínu jólaborði. Ég er nefnilega í klíkunni,“ segir Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, Binni eins og hann er jafnan kallaður, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum.

Vinnslustöðin er þriðja umsvifamesta fyrirtækið hér á landi í veiðum á humri. Veiðin á sumarvertíðinni nam alls aðeins 130 tonnum en mest var hún 2.500 tonn.

„Það eru svona þrír til fjórir kassar af humri sem við tókum til hliðar fyrir starfsfólk og hluthafa. Ég var rétt í þessu að afhenda fólki og sagði að miklar líkur væru á að þetta væri í síðasta skipti sem menn fengju humar á jólaborðið,“ segir Binni.

Hann segir að þótt humarstofninn sé mjög veikur og tillaga um veiðibann næsta sumar, sé ótímabært að blása hann alveg af.



Íslenskur humar gæti verið að syngja sinn svanasöng á jólaborðum.

„Við óttumst að ef lokun yrði að veruleika gæti sú freisting skapast í rekstri Hafró að sleppa öllum frekari rannsóknum og ráðstafa peningum í annað. Við gætum lagt til skip og búnað og tekið prufur. Við vildum gjarnan vinna þetta mál með stjórnvöldum,“ segir Binni. ■






# Líklegt talið að næsta kvika komi upp nokkru nær Keili

Ari Trausti Guðmundsson jarðfræðingur telur sennilegt að kvikan undir Reykjanesskaga leiti upp nær fjallinu Keili fremur en á gamla staðnum í Geldingadölum.

ser@frettabladid.is

**ELDGOS** Líklegra er að kvikan sem nú ólgar undir niðri á Reykjanesskaga brjóti sér leið upp á yfirborðið einum til þremur kílómetrum norðaustan við Geldingadali fremur en að gömlu gígarnir austan við Fagradalsfjall hrökkvi aftur í gang.

Þetta er mat Ara Trausta Guðmundssonar jarðeðlisfræðings sem gjörþekkir jarðsögu skagans, en hann segir að núna teygi virknin sig nær Keili en áður. Kvikan kraumi í allt að átta kílómetra löngum gangi, lóðréttum og eins metra breiðum, og allt eins sé líklegt að hún komi sér fyrir í öðrum gangi við hliðina á þeim eldri eða færi sig um set, svo sem þekkt er af háttalagi svona innskotavirkni í sprungum.

Reykjanesskaginn er yngsti hluti Íslands og mjög eldbrunninn, en eftir honum endilöngum eru fimm eldstöðvakerfi, öll vestan Hengilskerfisins sem er austasta sprungu- og eldstöðvakerfið. Fagradalsfjallið er í miðju þessara kerfa, en yst er Reykjaneskerfið og Svartsengið, en austan Geldingadala er Trölladyngju-Krýsuvíkurkerfið og loks Brennisteinsfjallakerfið sem einnig er kennt við Bláfjöll.

Eldstöðvakerfin á Reykjanesskaga eru ekki eins virk og gosbeltin á Suður- og Norðausturlandi, en þó ganga kröftugar gos- og gliðnunarhrinur yfir á Reykjanesskaganum með 800 til 1.000 ára millibili. Næst á undan jarðeldunum í ár gekk slíkt tímabil yfir á árunum um 950 til 1240, svo til alla þjóðveldisöld, en



Keilir rís undir nafni, formfagur og stakur á eldbrunnum Reykjanesskaganum, en hann myndaðist í gosi undir þykkum ísaldarjökli – og má heita móbergskeila vegna lögunar sinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

» Reykjanesskaginn er yngsti hluti Íslands og mjög eldbrunninn, en eftir honum endilöngum eru fimm eldstöðvakerfi.

þar áður logaði skaginn frá því fyrir um 1.800 til 2.500 árum.

Ari Trausti segir að nýja óróatímabilið, sem nú sé hafið, geti þvælst á milli goskerfanna og getið af sér misstóra jarðelda, allt frá fremur litlum gosum eins og verið hafa í Geldingadölum á þessu ári til nokkuð öflugri jarðelda með hraunrennsli í sjó fram. Sé litið enn lengra aftur í tímann hafi til dæmis dyngjugos í Bláfjallakerfinu fyrir tæpum 5.000 árum sent hraun um langan veg, frá Þrengslunum, niður hallann þar sem Litlu-Kaffistofuna er nú að finna, yfir gamla Elliðavatnið og um Elliðaárdalinn allt í sjó fram í Elliðavogi þar sem nú er Geirsnef. Slík umbrot eru ólíkleg nú um stundir.

Einnig hefur gosið á sjávarbotni utan Reykjaness, yst á skaganum, svo sem 1783 þegar eyja myndaðist í allöflugu gosi suður af Eldeyjarboða en hún hvarf þó stuttu síðar vegna ágangs sjávar. Á nítjándu öld er vitað um eldgos á þessum slóðum og á tuttugustu öldinni varð að minnsta kosti einu sinni vart við gjóskubreiður á sjónum vegna neðansjávargoss, svo sem fram kemur á vefnum eldgos.is. ■




LANDSBANKINN.IS




Uppboðshaldarinn með eftirlíkingu.

## Fyrsta SMS-ið ósk um gleðileg jól

hjorvaro@frettabladid.is

**FJARSKIPTI** Fyrstu smáskilaboðin sem send voru með farsíma voru seld á uppboði Aguttes í París í vikunni, á 150.000 dollara, eða tæpar 20 milljónir íslenskra króna.

Það var breski forritarinn Neil Papworth sem sendi skilaboðin til Richard Jarvis, þáverandi forstjóra Vodafone.

Fram kom í skilaboðunum, sem send voru 3. desember 1992, ósk um gleðileg jól. Papworth og samstarfsmenn hans voru á þessum tíma að hanna samskiptaleið þar sem fólk gæti sent smáskilaboð á milli farsíma sinna. ■

## Margt starfsfólk spítalans í sóttkví

ser@frettabladid.is

**COVID-19** „Staðan er í rauninni ískyggileg,“ segir Anna Sigrún Baldursdóttir, framkvæmdastjóri á Landspítala, en fjöldi starfsfólks hefur þurft frá að hverfa.

„Núna eru 46 starfsmenn í einangrun og 36 í sóttkví og það bitnar hart á viðkvæmustu deildum spítalans,“ segir Anna Sigrún og minnir á að þótt starfsmenn spítalans séu sex þúsund þurfi hann á öllum sínum vinnukrafti að halda.

Á móti komi að betur gangi að útskrifa sjúklinga af spítalanum, eins og algengt er í aðdraganda jóla, og færri komi líka á bráðamóttöku yfir hátíðirnar en á öðrum árstíma.

Níu sjúklingar liggja nú inni vegna farsóttarinnar, þar af þrír í öndunarvél. Í fjarþjónustu Covid-göngudeildar eru 2.805. ■

**LEIÐRÉTTING**

Í grafi um nýgengi spítalainnlagna í blaði gærdagsins var röng merking. Þar var blá lína merkt óbólusettum en hið rétta er að hún táknar fullbólusetta.

# Talsvert af afbókunum fylgt nýrri bylgju

ser@frettabladid.is

**FERÐAÞJÓNUSTA** Talsvert hefur borið á afbókunum á helstu hótelum höfuðborgarsvæðisins, að sögn Kristófers Óliverssonar, formanns Félags fyrirtækja í hótel- og gistihúsaþjónustu, en sjálfur hefur hann sem hótelstjóri Center-hótelanna verið að glíma við allt að fimmtán prósenta afföll gesta á síðustu dögum.



Kristófer Óliversson, formaður FHG

Hann segir afbókanir hafa hellst yfir strax þegar Omíkron-afbrigði kórónaveirunnar fór að herja á samfélögin heima og erlendis upp úr miðjum desember, einkum hjá fólki sem ætlaði sér að dvelja hér um jólahelgina, en ágætlega horfi þó enn með áramótin hvað gistingu varði.

Úti á landi hafi einnig orðið vart við afbókanir hótelgesta vegna fjölgunar smita, en þar við bætist að margir hótelrekendur á landsbyggðinni hafi tapað verulegum tekjum vegna aflýstra jólahlaðborða.

Kristófer segir nokkurn beyg í hótelrekendum vegna hættunnar á að missa starfsfólk sitt í sóttkví þessa dagana, en eðli málsins samkvæmt geti það dregið úr þjónustugetu á sama tíma og fremur erfitt er að fá fólk til starfa í hótelgeiranum. ■

# Hundsuðu ítrekaðar viðvaranir frá slökkviliðsstjóra um mikla eldhættu

Borgarbyggð sinnti því ekki að óska eftir úttekt á húsum í Brákarey þrátt fyrir ábendingar slökkviliðsstjóra og lögbundna skyldu. Lítið samráð var við félög sem þar leigðu.

ingunnlara@frettabladid.is



Meðal þess sem Björn varaði við var að slökkvivatn í dreifikerfinu væri ekki nógu mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**STJÓRNSÝSLA** Sveitarstjórn Borgarbyggðar óskaði aldrei eftir lögbundinni úttekt á húsum í Brákarey í Borgarnesi síðustu tíu ár þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar frá slökkviliðsstjóra. Nær öllum húsum á eyjunni var lokað í febrúar og neyddust þá félög sem þar voru til húsa til að hætta starfsemi sinni.

Fulltrúar félaganna í Brákarey hafa gagnrýnt ákvörðun sveitarfélagsins og sagt lítið sem ekkert samráð hafa verið á milli leigjenda og sveitarfélagsins.

Félög með aðstöðu í Brákarey voru Skotfélagið, Golfklúbburinn, Fornbílafélagið, Bifhjólafélagið og Pútthópurinn. Einnig voru nokkrir einstaklingar með vinnuaðstöðu.

Samkvæmt lögum um brunavarnir er eldvarnaeftirliti sveitarfélaga skylt að framkvæma öryggisúttektir í samvinnu við byggingarfulltrúa.

Sveitarstjóri Borgarbyggðar segir í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins að engar úttektir hafi verið gerðar á húsum í Brákarey af hálfu slökkviliðsins síðustu tíu árin, að frátalinni þeirri sem leiddi til lokunar.

Slökkviliðsstjóri reyndi ítrekað að vekja athygli ráðamanna Borgarbyggðar á því að húsnæðið uppfyllti ekki öryggiskröfur fyrir þá margþættu starfsemi sem væri þar. Nauðsynlegt væri að brunahanna húsnæðið með tilliti til starfseminnar. Slökkviliðsstjóri sendi ábendingar árin 2012, 2013 og 2014.

„Slökkviliðsstjóri ítrekar við byggðarráð Borgarbyggðar áður sendar áhyggjur sínar varðandi brunahólfun og brunamótstöðu í húsum sveitarfélagsins í Brákarey og vill benda byggðarráði á þær skyldur er hvíla lögum samkvæmt á húseigendum og umráðamönnum varðandi brunahólfun og brunamótstöðu húsnæðis,“ segir í bréfi Bjarna K. Þorsteinssonar slökkviliðsstjóra til Björns Bjarka Þorsteinssonar, formanns byggðarráðs Borgarbyggðar, frá árinu 2013.

> ”
> **Hafði ég ekki árangur sem erfiði af þeim bréfaskriftum og vakti það furðu mína svo ekki verði dýpra í árinni tekið.**
>
> Björn K. Þorsteinsson, slökkviliðsstjóri í Borgarbyggð

„Að óbreyttu ástandi hefur slökkviliðið ekki að nógu slökkvivatni úr dreifikerfi Orkuveitu Reykjavíkur að hverfa ef verulegur eldur yrði laus í áðurnefndum húsum.“

Í greinargerð slökkviliðsins varðandi öryggis- og eldvarnaúttektir í húsum Borgarbyggðar í Brákarey frá mars 2021 kemur fram að stjórnendur Borgarbyggðar hafi hleypt margs konar starfsemi inn í húsin án þess að leita eftir formlegu samþykki eldvarnaeftirlits slökkviliðs.

Bjarni gerði sveitarfélaginu ljóst að hólfun í húsnæðinu væri ófullnægjandi í bréfi til Kolfinnu Jóhannesdóttur sveitarstjóra árið 2014. Hann ítrekaði áhyggjurnar sama ár í bréfi til Jökuls Helgasonar, þáverandi forstöðumanns umhverfis- og skipulagssviðs.

„Ég hef lengi haft miklar áhyggjur af bruna- og sambrunahættu þessara húsa og hef ítrekað kallað eftir því við Byggðarráð Borgarbyggðar að sveitarfélagið marki sér skýra stefnu varðandi framtíðar nýtingu húsanna til langframa og endurbætur og brunavarnir þeirra taki þá mið af þeirri starfsemi en lengi vel hafði ég ekki árangur sem erfiði af þeim bréfaskriftum og vakti það furðu mína svo ekki verði dýpra í árinni tekið,“ segir í bréfinu til Jökuls.

Lagði hann til að stofna nefnd til að fara ítarlega yfir málin og koma með tillögur um niðurrif húsa og framtíðarstarfsemi. „Þegar ákvörðun um niðurrif hefur verið tekin er að framfylgja henni til loka, að öðrum kosti verður hér um eilífðar vandamál að ræða okkur öllum til skammar,“ sagði Bjarni.

Eftir að loksins var farið í úttekt árið 2021 var of seint að tryggja byggingarnar og starfsemina og lagði eldvarnaeftirlit til við byggingaryfirvöld að loka fyrir alla starfsemi við Brákarbraut 25 og 27 vegna mikillar eldhættu. ■





FRÉTTAVAKTIN

kl. 18.30 á virkum dögum

Fréttavaktin er fjölbreytt frétta-umfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalslið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti að ræða helstu mál líðandi stundar.

Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettabladid.is

HRINGBRAUT




## HAGKAUP

# Afgreiðslutími yfir hátíðarnar

| | Skeifan Garðabær | Smáralind | Kringlan | Akureyri Eiðistorg Spöngin |
|---|---|---|---|---|
| 24. des | Opið til 16 | 09-14 | 09-14 | 8-16 |
| 25. des | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað |
| 26. des | Opnar 10 | Lokað | Lokað | 10-24 |
| 27. des | 24 | 10-19 | 10-18:30 | 8-24 |
| 28. des | 24 | 10-19 | 10-18:30 | 8-24 |
| 29. des | 24 | 10-19 | 10-18:30 | 8-24 |
| 30. des | 24 | 10-20 | 10-20 | 8-24 |
| 31. des | Opið til 18 | 10-14 | 10-14 | 8-18 |
| 1. jan | Opnar 12 | Lokað | Lokað | Lokað |
| 2. jan | 24 | 12-17 | 12-17 | 10-24 |

10-11

AFGREIÐSLUTÍMI

JÓL

Laugavegur

24 des. Aðfangadagur

Opið til 16:00

25 des. Jóladagur

Opnar 11:00

26 des. Annar í jólum

Opið allan sólarhringinn

Austurstræti

24 des. Aðfangadagur

Opið til 16:00

25 des. Jóladagur

Opnar 11:00

26 des. Annar í jólum

Opið 8:00-24:00





Umboðsmaður hefur sinnt fjölda mála er tengjast geðheilbrigðismálum á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Færri frumkvæðisathuganir vegna ónógrar fjárveitingar

Umboðsmaður þarf að fækka frumkvæðisathugunum að óbreyttu. Þær eru ekki síst mikilvægar fyrir þá sem standa höllum fæti í samfélaginu.

lovisa@frettabladid.is

**MANNRÉTTINDI** Skúli Magnússon, umboðsmaður Alþingis, hefur áhyggjur af því að frumkvæðisathuganir embættisins séu í hættu vegna þess að ekki sé nægilega gert ráð fyrir þeim í fjárlögum næsta árs.

„Þetta lítur þannig út að gildandi fjármálaáætlun, sem eru eiginleg langtímafjárlög fyrir 2021 til 2025, tekur ekki að öllu leyti tillit til þarfa á frumkvæðisathugunum eða þeirrar fjölgunar mála sem hefur verið hjá embættinu,“ segir Skúli Magnússon, umboðsmaður Alþingis.

Skúli bindur vonir við að staða embættisins verði bætt við meðferð fjárlagafrumvarpsins sem er ólokið hjá Alþingi. Hann telur þar vera skilning fyrir málinu og mikilvægi frumkvæðisathugana embættis hans. Í síðustu fjárlögum hafi verið bætt við embættið hálfri stöðu en að sú staða sé ekki einu sinni inni í frumvarpi næsta árs.



Skúli Magnússon, umboðsmaður Alþingis

„Til að umboðsmaður komi út á pari þarf augljóslega að gera einhverjar breytingar á frumvarpinu,“ segir Skúli.

Hann segir að það sé þörf á og tilefni til að styrkja frumkvæðisathuganir hjá embættinu en þetta tengist náið svokölluð OPCAT-eftirliti, það er eftirliti embættisins með aðbúnaði frelsissvipts fólks.

„Hér má rifja upp það sem umboðsmaður hefur verið að gera í geðheilbrigðisgeiranum, auk þess sem fangelsismál og fleiri mál eru þarna undir. Fólk getur verið frelsissvipt með ýmsum hætti, beinum og óbeinum, þótt það sé ekki inni á lokaðri stofnun, þetta er stórt svið,“ segir Skúli. Þarna undir geti einnig fallið hjúkrunarheimili og vistheimili fyrir börn og fatlaða.

„Ég tel að fjármagni væri vel ráðstafað ef frumkvæðissviðið væri styrkt,“ segir Skúli og tekur dæmi um þær frumkvæðisathuganir sem embættið hefur sinnt á þessu ári en þær varða margar heimsfaraldurinn og svo eru það innilokanir barna, ýmis mál hjá Tryggingastofnun ríkisins og álitamál um rafræna stjórnsýslu og hagsmunir þeirra sem standa höllum fæti gagnvart henni, svo eitthvað sé nefnt.

„Þetta eru allt mál þar sem umboðsmaður hefur verið að ýta við hlutum. Það er ekki öllu lokið með stórum álitum, enda tilgangurinn ekki alltaf sá, heldur að fá viðbrögð og oft er það þannig að stjórnvöld taka við sér, skoða málið og gera einhverjar ráðstafanir eftir að umboðsmaður hefur lagt málið upp og spurst fyrir.“

Sem nýlega kjörinn umboðsmaður leggur Skúli áherslu á að embættið geti sinnt frumkvæðisathugunum.

„Ástæðan fyrir því er í grunninn sú að þeir sem standa höllum fæti, og það svið þar sem er rík þörf á aðkomu eftirlitsaðila eins og umboðsmannsins, þau eru ekki alltaf þess eðlis að þaðan berist kvartanir og þá þannig að þær séu tækar til efnismeðferðar. Kvartanir berast eðli málsins samkvæmt frekar frá fólki sem hefur þokkalega aðstöðu til að semja þær, stundum jafnvel með milligöngu lögmanns,“ segir Skúli og áréttar mikilvægi þess að allir hópar samfélagsins hafi aðgengi að embættinu. ■

# Kirkjulausir Grímseyingar fá messu

bth@frettabladid.is

**NORÐURLAND** Sú sérstaka staða er uppi að þótt Grímseyingar séu kirkjulausir eftir bruna í september munu þeir verða í hópi örfárra íbúa við Eyjafjörð sem eiga kost á jólamessu í ár.

Magnús Gunnarsson sóknarprestur og séra Oddur Bjarni Þorkelsson munu fara út í eyju 28. desember og verður messað í félagsheimilinu Múla í Grímsey. Magnús mun sjá um undirleik á píanó við sálmasönginn en þeir munu báðir þjóna og predika. Auk þess verða tveir góðir einsöngvarar með í för.

Séra Magnús segir að þeir, gestirnir, muni fara í hraðpróf áður en þeir heimsækja eyna. Eyjarskeggjar séu smitfríir, því allir sem ætli að vera í eyjunni yfir jólin, um fimmtíu manns, séu komnir þangað. Í langflestum öðrum prestaköllum við Eyjafjörð verði engar jólamessur vegna Covid þannig að það sé gleðilegt að Grímseyingar eigi kost á jólamessu þrátt fyrir kirkjubrunann.



Hugur er í Grímseyingum þótt ekki verði hægt að messa í kirkjunni þessi jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

„Á lagalistanum? Ja, ég get að minnsta kosti staðhæft að Ó, helga nótt verður sungin,“ segir séra Magnús um sálmavalið í eyjunni.

Grímseyingar hafa náð vopnum sínum eftir hinn hörmulega kirkjubruna. Þeir hyggjast byggja nýja kirkju áður en ár líður frá brunanum. ■




ÓSKUM LANDSMÖNNUM ÖLLUM GLEÐILEGRAR HÁTÍÐAR OG FARSÆLDAR
Á KOMANDI ÁRI MEÐ ÞÖKK FYRIR VIÐSKIPTIN Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA.

EIMSKIP

# Erfitt að ræða ritstuld í fámenni

bth@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** „Þetta er svolítið flókið mál. Auðvitað má hver sem er skrifa um hvað sem er, en menn þurfa samt að virða ákveðin vinnubrögð,“ segir Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur.

Viðar hefur blandað sér í umræðu um meintan ritstuld Ásgeirs Jónssonar seðlabankastjóra. Í grein sem hann birtir á Vísi um málið skrifar hann að gagnsæi í heimildanotkun sé alltaf ófrávíkjanleg krafa.

> Menn eru sífellt að stíga á tær einhvers.
>
> Viðar Hreinsson, bókmenntafræðingur

Viðar vonast til að sem fyrst fáist úr því skorið hvort um hreinan ritstuld sé að ræða. Til nokkurs sé unnið með umræðu um mikilvægi vandvirkni í fræðasamfélaginu.

„Annars er alltaf erfitt að ræða svona mál í þessu pínulitla kunningjasamfélagi sem Ísland er. Menn eru sífellt að stíga á tær einhvers,“ segir Viðar. ■

# Sveitarfélögin vantar níu milljarða króna vegna málaflokks fatlaðra

**Formaður bæjarráðs Garðabæjar segir málefni fatlaðra afar þung fyrir sveitarfélög. Alþingi leggi þeim sífellt auknar byrðar á herðar með nýjum kröfum án þess að gert sé ráð fyrir tekjustofnum sem dugi fyrir kostnaðinum. Staðan sé orðin alvarleg.**

bth@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður bæjarráðs Garðabæjar, segir alvarlegt að ríkið standi ekki við skyldur sínar til að auka fjárveitingar til fatlaðra. Kostnaður sveitarfélaga við málaflokkinn vaxi mjög hratt.

Málefni fatlaðra voru áður hjá ríkinu en færðust yfir til sveitarfélaganna árið 2011.

„Við viljum þjónusta fatlaða sem best en málaflokkurinn er sveitarfélögunum gríðarlega þungur,“ segir Áslaug Hulda.

Þótt samningurinn hafi kveðið á um yfirfærslu kostnaðar frá ríki til sveitarfélaga segir Áslaug Hulda það vera Alþingi sem geri nýjar kröfur með lögum og reglugerðum sem þýði aukinn kostnað fyrir sveitarfélögin.

Að sögn Áslaugar Huldu vantar sveitarfélög landsins alls um níu milljarða króna til að sveitarfélögin geti þjónustað fatlaða eins og vera ber.



Fyrir sveitarfélag eins og Garðabæ er milljarður stór biti. MYND/AÐSEND

> Bara í Garðabæ höfum við bætt heilum milljarði króna á síðustu þremur árum inn í þennan málaflokk.



Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður bæjarráðs Garðabæjar

„Bara í Garðabæ höfum við bætt heilum milljarði króna á síðustu þremur árum inn í þennan málaflokk.“

Áslaug Hulda segir að einn milljarður fyrir sveitarfélag eins og Garðabæ sé mjög stórt hlutfall af rekstri sveitarfélagsins. Sennilega sé þó byrðin enn þyngri í sumum öðrum sveitarfélögum.

„Staðan er alvarleg. Við gerð fjárlaga ríkisins verður að leiðrétta þessa mismunun. Ríkið þarf að veita fjármagni í takti við veruleikann,“ undirstrikar formaður bæjarráðs. ■






Vogamenn höfnuðu sameiningu við Hafnarfjörð árið 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vogar ræða við granna

kristinnhaukur@frettabladid.is

**REYKJANES** Sveitarfélagið Vogar kannar nú fjóra sameiningarmöguleika og verður hugur íbúa kannaður samfara sveitarstjórnarkosningunum í vor. Er þetta sameining við Hafnarfjörð, Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ og Grindavík.

Ásgeir Eiríksson bæjarstjóri segir þetta hafa verið gert að frumkvæði bæjarstjórnar. Ekki sé mikil umræða meðal íbúa bæjarins. „Stjórnvöld hafa gefið út tilmæli um eflingu sveitarstjórnarstigsins og við vildum axla ábyrgð með því að kanna okkar möguleika,“ segir hann.

Vogar létu gera fyrir sig valkostagreiningu í ár og hluti af því var íbúafundur sem haldinn var um miðjan október. Íbúar fengu upplýsingar um valkostina og gátu látið í sér heyra. Niðurstöðurnar af honum voru þær að naumur meirihluti vildi hefja sameiningarviðræður og flestir vildu ræða við Grindavíkurbæ. Þar á eftir kom Suðurnesjabær, þá Reykjanesbær en Hafnarfjörður rak lestina.

Árið 2005 var einmitt kosið um sameiningu Voga og Hafnarfjarðar, sem samþykkt var í Hafnarfirði en felld með rúmum tveimur þriðju atkvæða í Vogum. Ásgeir segir stöðuna allt aðra núna í sameiningarmálum á landsvísu og tilfinningarök séu víkjandi.

**Vogamenn munu ræða við fjóra nágranna eftir áramót**




„Við höfum fylgst með vel heppnaðri sameiningu Garðs og Sandgerðis sem urðu að Suðurnesjabæ. Takmarkið hjá okkur er að taka upplýsta og yfirvegaða afstöðu og velta fyrir okkur kostum og göllum,“ segir Ásgeir. „Eftir áramót ætlum við að bjóða fulltrúum þessara fjögurra sveitarfélaga í kaffisopa og óformlegt spjall. Eftir að hafa heyrt þeirra hug munum við stilla upp möguleikum til að spyrja um í vor.“ ■

# KRÓNAN

# OPIÐ Í DAG

# 9-15

## Í ÖLLUM VERSLUNUM!

Ekkert ves í des



**Pssst ...**

**Munum að njóta**
**Gleðileg jól!**

Afgreiðslutímar á www.kronan.is




Opið er á skautasvelli Nova á Ingólfstorgi frá klukkan 12-20 á annan í jólum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Opnunartímar yfir jólin

**Slysa- og bráðamóttaka Landspítala í Fossvogi**
Opið allan sólarhringinn, alla daga.
Aðalsímanúmer Landspítala: 543-1000

**Eitrunarmiðstöð**
543-2222

**Læknavaktin móttaka í Austurveri** Opið 9.00–23.30
Símaráðgjöf fyrir allt landið er opin allan sólarhringinn.
Sími: 1770 og 1700

**Rauði krossinn**
1717 er hjálparsími Rauða krossins og verður opinn allan sólarhringinn.

**Neyðarvakt tannlækna á höfuðborgarsvæðinu**
**Aðfangadagur**
Opið 9–12
**Jóladagur og annar í jólum**
Opið 12–14
Sími: 426-8000

**Neyðarlínan**
Neyðarsíminn 112 er opinn allan sólarhringinn yfir hátíðirnar og svarar fyrir slökkvilið, sjúkrabifreiðar og lögreglu um allt land.

**Dýralækningamiðstöðin Grafarholti**
Lokað um jólin.
Ef um alvarleg neyðartilfelli er að ræða, utan opnunartíma, er hægt að ná í dýralækni á bakvakt. Bakvaktin er einungis hugsuð fyrir alvarlega veik eða slösuð dýr. Útkallið kostar um 35.000 krónur, sem bætist við almennt aðgerðagjald.
Símanúmer hjá dýralækni á bakvakt er 530-4888

**Kvennaathvarfið**
Opið allan sólarhringinn, alla daga.
Kvennaathvarfið í Reykjavík, sími: 561-1205
Kvennaathvarfið á Norðurlandi, sími: 561-1206

**Apótek**

**Lyfja**
**Aðfangadagur**
Opið 9–12: Reykjanesbæ, Skeifunni, Setbergi, Spönginni, Árbæ, Garðatorgi, Grafarholti, Hafnarstræti, Mosfellsbæ, Selfossi, Akureyri
Opið 10–12: Borgarnesi, Grundarfirði, Stykkishólmi, Patreksfirði, Ísafirði, Búðardal, Hvammstanga, Sauðárkróki, Blönduósi, Húsavík, Mývatni, Kópaskeri, Egilsstöðum, Reyðarfirði, Seyðisfirði, Neskaupstað, Eskifirði, Höfn, Grindavík, Nýbýlavegi, Hólagarði
Opið 10–14: Netspjall, Lyfjuappið
Opið 8–18: Smáratorgi, Lágmúla
Opið 8–14: Granda
Opið 10–13: Smáralind
**Jóladagur**
Opið 12–16: Netspjall, Lyfjuappið
Opið 10–24: Lágmúla, Smáratorgi
**Annar í jólum**
Opið 10–22: Netspjall, Lyfjuappið
Opið 8–24: Lágmúla, Smáratorgi
Opið 10–24: Granda
Opið 12–16: Reykjanesbæ

**Apótekarinn:**
**Aðfangadagur**
Opið 8–18: Austurveri
Opið 9–12: Glæsibæ, Skipholti, Mjódd, Höfða, Hamraborg, Salavegi, Mosfellsbæ
Opið 9–12.30: Fjarðarkaupum
Opið 10–12: Eiðistorgi, Vallakór, Helluhrauni
**Jóladagur**
Opið 9–24: Austurveri
**Annar í jólum**
Opið 9–24: Austurveri

**Lyf og heilsa:**
**Aðfangadagur**
Opið 8–13: Granda
Opið 10–13: Kringlunni
Opið 9–13: Firði
Opið 10–12: Glerártorgi
**Jóladagur:**
Lokað
**Annar í jólum:**
Opið 12–22: Granda

**Sundlaugar:**
**Aðfangadagur:**
Opið 8–12: Eskifirði, Lágafellslaug, Sundlaug Kópavogs, Versölum, Varmárlaug, Borgarnesi
Opið 6.30–11.30: Álftaneslaug, Keflavík, Ásgarði
Opið 6.30–13: Breiðholtslaug, Dalslaug, Grafarvogslaug, Laugardalslaug, Sundhöllinni, Suðurbæjarlaug
Opið 10–13: Klébergslaug, Húsavík, Þingeyri
Opið 8–12.30: Seltjarnarneslaug
Opið 9–12: Hofsósi, Laugum Reykjadal, Sauðárkróki
Opið 06.45–12: Hornafirði
Opið 8–11: Hvolsvelli, Hellu, Vestmannaeyjum, Akranesi
Opið 10–12: Ólafsvík, Þelamerkurlaug, Stokkseyri, Þorlákshöfn, Patreksfirði, Ólafsvík, Stykkishólmi
**Jóladagur:**
Allar laugar lokaðar.
Opið í Secret Lagoon frá 13–19 og Fontana 11.30–21
**Annar í jólum:**
Opið í Keflavík 9–17, Fontana 11.30–21, Secret Lagoon 13–19, Vestmannaeyjum 10–14, Vík 14–20, Hólmavík 14–18, Tálknafirði 11–14



Flestar sundlaugar eru opnar að einhverju leyti yfir jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Strætó**
**Aðfangadagur**
Ekið verður samkvæmt laugardagsáætlun en aukaferðum bætt við um morguninn. Ekið verður til ca. 15.00.
**Jóladagur**
Ekið verður samkvæmt sunnudagsáætlun.
**Annar í jólum**
Ekið verður samkvæmt sunnudagsáætlun.

**Strætó á landsbyggðinni**
**Aðfangadagur**
Leiðir 51, 52, 55, 57, 88 og 89 aka samkvæmt laugardagsáætlun til hádegis, eða sem því næst.
**Jóladagur**
Enginn akstur.
**Annar í jólum**
Ekið verður samkvæmt sunnudagsáætlun.


NORÐURÁL
Gleðilega hátíð!
Við höfum nú í hartnær aldarfjórðung nýtt umhverfis-væna raforku landsins til þess að búa til hreint og endurnýtanlegt ál. Álið er notað til þess að létta farartæki og umbúðir, aftur og aftur, um allan heim. Þannig nýtist íslensk orka til þess að lágmarka losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu. Við erum stolt af því að vera traustur hluti af íslensku atvinnulífi og hlökkum til nýrra tíma.
Við óskum landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar.
Hreint ál úr íslenskri orku | nordural.is

# Æðri máttur



**Kolbrún Bergþórsdóttir**
kolbrunb
@frettabladid.is

Aldrei er of oft minnt á mikilvægi þess að trúa á æðri mátt. Með fullyrðingum um styrk trúarinnar er engan veginn verið að gera tilraun til að þvinga trú upp á fólk. Einungis verið að benda á hina miklu vernd sem trúin veitir einstaklingum á lífsgöngu þeirra. Þannig verður mótlæti þolanlegra en ella og auðmýkt gagnvart lífinu verður ríkjandi viðhorf. Það getur ekki talist annað en heillaríkt.

Í nútíma okkar eru margir sem gera lítið úr trúnni. Sumum er meira að segja svo illa við hana að þeir spangóla nánast af reiði í hvert sinn sem þeir heyra því haldið fram að trúin skapi sálarró og geri manneskjur færari en ella til að lifa í sátt við sjálfa sig og aðra. Það er vissulega hægt að lifa án trúar á æðri mátt, en það er samt svo miklu betra að lifa í vissu um hann.

Enn á ný er runninn upp gleðilegasti tími ársins, sjálf jólin ganga í garð. Við lifum að vísu við illskiljanleg takmörk sem gera að verkum að hátíðarhald verður ekki með alveg sama brag og venjulega. Það skiptir samt ekki svo miklu máli meðan við höldum í jólaandann – og það eigum við auðveldlega að geta gert.

Það er fallegur siður að fara í messu og mæta heilagleikanum, en hann er ekki einungis í kirkjunum heldur allt í kring. Það skiptir heldur ekki máli hvernig aðstæður eru í þjóðfélaginu, prestarnir okkar góðu finna sína leið við að koma jólaboðskapnum til okkar. Það skiptir líka miklu máli hvernig þeir miðla þeim boðskap. Þeir eiga ekki að flytja hann eins og þeir séu að lesa upp margtuggna fréttatilkynningu um fæðingu barns úti í heimi. Þeir eiga að gæða boðskapinn lífi og minna á að hann skiptir miklu máli af því hann snýst um óendanlegan kærleik og náð. Um leið er hinn fallegi og heilagi jólaboðskapur áminning til okkar allra um að skrúfa niður í sjálfhverfunni og hlúa að öðrum.

Vissulega er trú einkamál hvers og eins, en hana á samt ekki að þurfa að fela. Kristinn boðskapur á erindi við alla, ekki síst börnin. Þannig á það að vera eðlilegt og sjálfsagt að skólabörn fari í kirkjuheimsóknir og fái fræðslu um kristna trú í stað þess að nánast sé verið að fela hana fyrir þeim, eins og nú er ákveðin hneigð til. Fátt er fallegra og einlægara en barnsleg trú, einlægni og innlifun.

Kærleiksrík trú er sannarlega mikil blessun enda kjósa ótal margir að fylgja henni – og mega fyrir vikið teljast gæfusamir.

Gleðileg jól, kæru landsmenn, í Guðs friði! ■

> Kristinn boðskapur á erindi við alla, ekki síst börnin.




## Halldór




## Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

**Síár**

Endurvinnsla er eitt af ótalmörgum orðum ársins fyrir utan gerendameðvirkni, útilokunarmenningu, úrvinnslusóttkví, goslokalíkur og kulnun, en eitthvað er sjálf endurvinnslan farin að endurvinna sig sjálf í tíðindum ársins, enda gerist allt aftur. Aurskriðurnar halda áfram frá fyrra ári, skjálftarnir eru byrjaðir aftur, pestin er komin aftur af fullum þunga með samkomutakmörkunum á nýjaleik og svo er sama ríkisstjórnin og síðast tekin við völdum á ný, svo fremi raunar – og það væri eftir öðru – að ekki þurfi að kjósa aftur eftir allt saman. Gott ef það má ekki fara að sameina árin 2020 til 2022 undir heitinu síár.

**Úps**

Töluverður byrjendabragur hefur verið á þingstörfum í aðdraganda jóla, enda heilu og hálfu þingflokkarnir mannaðir varamönnum og varavaramönnum sem hafa enga þingreynslu. Uppákomurnar hafa því iðulega verið broslegar, að sögn reyndra þingmanna við Austurvöll, svo sem í ræðupúlti Alþingis þar sem óvanir þingmenn hafa látið ýmislegt út úr sér sem ekki hefur þótt hæfa hingað til í stólnum atarna, en komist upp með það af því að nýir varaforsetar Alþingis, í fjarveru forseta, hafa ekki enn þá kynnt sér reglurnar. ■

# Jólagjöf til allra barna



**Margrét Júlía Rafnsdóttir**
verkefnastjóri innlendra verkefna hjá Barnaheillum

Nú í svartasta skammdeginu þegar jólin lýsa upp tilveru okkar er samhygðin gjarnan sú tilfinning sem við finnum helst í brjósti okkar. Við viljum dvelja með ástvinum okkar og hugsum til genginna kynslóða. Mörg okkar eiga minningar um einfaldara jólahald þar sem gjafir voru helst eitthvað sem vantaði, ekki síst einhver flík.

Sum okkar eiga ekkert sérstaklega góðar minningar um jólahátíð bernsku sinnar. Minningarnar eru fremur litaðar erfiðleikum, jafnvel ofbeldi og miklum skorti. Því miður er það svo að enn eru börn sem búa við þessar aðstæður. Tæp 13 prósent barna á Íslandi eiga á hættu að búa við fátækt og félagslega einangrun samkvæmt nýútgefinni skýrslu Barnaheilla. Þessi börn eiga ekki sömu tækifæri í lífinu og önnur börn. Slíkt er mannréttindabrot.

**Betri vegferð**

Á undanförnum áratugum hefur neysla okkar aukist mikið og loftslag okkar og jörð ber þess merki. Meira en þrjátíu ár eru frá því að fram kom yfirlýsing um að við ættum að skila jörðinni til komandi kynslóða í síst verra ástandi en við tókum við henni. Þetta nefnist sjálfbær þróun. Þar er lögð áhersla á jafnrétti milli kynslóða og jafnrétti milli heimshluta. Forgangsverkefnið átti þó að vera að uppræta fátækt. Í raun er hægt að segja að heil kynslóð ráðamanna heimsins hafi vanrækt þessar skyldur sínar. Þeir sem undanfarið hafa tekið við keflinu gefa okkur þó von um að það takist að vinda ofan af gjörðum fortíðar og breyta hegðun til framtíðar. Við getum öll verið með á þeirri vegferð. Við getum með gjörðum okkar stuðlað að því að börnin okkar taki við betra búi en við.

**Fátækt er ekki náttúrulögmál**

Hvert barn þarf einhvern sem hefur trú á því, hvetur, styður og sýnir því ást og umhyggju. Ef barn sem býr við erfiðar aðstæður hefur slíkan stuðning eykur það möguleika þess til að brjótast til betra lífs. Við getum öll verið sá áhrifavaldur í lífi barna. Fátækt er ekki náttúrulögmál. Upprætum fátækt á Íslandi. Gefum öllum börnum gleðilega jólahátíð. ■

> Hvert barn þarf einhvern sem hefur trú á því, hvetur, styður og sýnir því ást og umhyggju.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is,*
**FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is,* Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Gleðileg jól og farsælt komandi ár
















## Hafðu það notalegt um jólin

Árlegur jólastyrkur N1 rennur nú til Píeta samtakanna, Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur og Fjölskylduhjálpar Íslands. Við sendum skjólstæðingum þeirra, viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum bestu óskir um gleðilega hátíð.

440 1000 n1.is

N1 ALLA LEIÐ

ENNEMM / SÍA / NM-008212



**ALDUR ER AFSTÆÐUR HJÁ ÞEIM BESTA** Þrátt fyrir að vera kominn langt á fimmtugsaldurinn leiddi Tom Brady lið Tampa Bay Buccaneers til sigurs í leiknum um Ofurskálina. Með því varð Brady fyrsti maðurinn í sögunni sem vinnur Super Bowl sjö sinnum sem leikmaður eftir að hafa leitt New England Patriots um árabil.



**FORDÓMAR SKYGGÐU Á EM** Ítalir urðu Evrópumeistarar í knattspyrnu en kynþáttafordómarnir eftir leik í garð Bukayo Saka, Jadon Sancho og Marcus Rashford og ólæti stuðningsmanna Englands á úrslitaleiknum skyggðu á annars gott mót. Eftir að þremenningarnir klúðruðu vítaspyrnum flæddi netníð inn á samskiptamiðla þeirra.




**FLÚÐI ÓLYMPÍULEIKANA** Krystsinu Tsimanouskaya var komið í öruggt skjól eftir að yfirvöld í Hvíta-Rússlandi kröfðust þess að hún yrði send heim af Ólympíuleikunum. Krystsina hafði áður gagnrýnt þjálfara sína fyrir að skrá hana í grein sem hún hafði aldrei keppt í á ferlinum.



**BARIST UM HVERN AUR** Hinir ýmsu aðilar innan knattspyrnuheimsins hafa lagt fram brautryðjandi hugmyndir sem eiga að margfalda tekjuflæðið. Ofurdeild Evrópu lifði aðeins í sólarhring en hugmyndin um fjölgun stórmóta er orðin að pólitísku deilumáli.



**DRÓ SIG Í HLÉ** Naomi Osaka, ein tekjuhæsta íþróttakona heims, ákvað að hætta keppni á einu af risamótum ársins og gaf ekki kost á sér á Wimbledon-mótinu í tennis. Eftir deilu Osaka við mótshaldara á Opna franska meistaramótinu greindi Osaka frá því að hún glímdi við kvíða en í kjölfarið hafa fleiri íþróttastjörnur greint frá sömu vandamálum.

# Kaflaskil á ýmsum sviðum

Ólympíuleikar, Evrópumót og söguleg titilbarátta í Formúlu 1 var meðal þess sem stóð upp úr á íþróttaárinu sem leið. Stærstu stjörnur heims stigu fram og greindu frá andlegum veikindum á meðan Cristiano Ronaldo og Lionel Messi náðu merkum áföngum en skiptu um leið um lið. Þá var reynt að breyta knattspyrnuheiminum á ýmsa máta.



**SVIÐSLJÓSIÐ Á BILES** Ákvörðun fimleikastjörnunnar Simone Biles um að draga sig úr keppni í liðakeppni í áhaldafimleikum á Ólympíuleikunum vakti heimsathygli. Allra augu voru á Biles í aðdraganda leikanna enda ein skærasta stjarna heimsins en í viðtölum talaði hún um erfiðleikana sem fylgdu því að vera stöðugt í sviðsljósinu og hrakandi andlega heilsu.



**EINN Á BÁTI** Cristiano Ronaldo bætti markamet Pelé fyrr á þessu ári og er kominn yfir átta hundruð mörk í dag. Pelé sýndi auðmýkt á samskiptamiðlum sínum og óskaði Ronaldo til hamingju en síðar hefur Santos, uppeldisfélag Pelé, haldið því fram að það vanti um fimm hundruð mörk hjá Pelé. Í sumar sneri Ronaldo aftur á Old Trafford eftir tólf ára fjarveru.



**NÝR KYNDILBERI AKSTURSÍÞRÓTTA** Max Verstappen hafði naumlega betur gegn Lewis Hamilton í baráttunni um heimsmeistaratitil ökuþóra. Eftir áralanga einokun Hamilton í Formúlu 1 var boðið upp á sögulega spennu sem réðst á lokahringnum í lokakeppninni. Hamilton og Mercedes kærðu úrslitin strax að keppninni lokinni en því var vísað til föðurhúsanna af Formúlu 1.



**SKRIFAÐI SIG Í SÖGUBÆKURNAR** Spretthlauparinn Allyson Felix keppti á fimmtu og síðustu Ólympíuleikum sínum og landaði elleftu gullverðlaununum sem hluti af boðhlaupssveit Bandaríkjanna. Hún fylgdi því eftir með bronsi í 400 metra hlaupi og varð um leið sigursælasta frjálsíþróttakonan í sögu Ólympíuleikanna.



**LOKSINS, LOKSINS** Loksins tókst Messi að vinna úrslitaleik með Argentínu í sumar. Fram að því hafði Messi tapað þrisvar í úrslitum Copa America og úrslitaleik HM. Síðla sumars yfirgaf Messi Barcelona og hélt til Parísar eftir rúmlega tuttugu ár í Katalóníu.



Gleðilega hátíð
Alcoa Fjarðaál óskar landsmönnum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.
Fjarðaál
alcoa.is
Alcoa



Sigurlaug Sigurjónsdóttir í stofunni á Skeggjagötu. Málverkið er af ömmu hennar og nöfnu, Sigurlaugu Jónsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Amma Sjöllý og leigjendurnir fjörutíu



Ingunn Lára Kristjánsdóttir
ingunnlara
@frettabladid.is

**Grasafræðingurinn, franski bakarinn, ástfangni Svíinn, kínverski bókaormurinn, sá bleikhærði með dularfullu skjalatöskuna og albönsku mafíósarnir. Þessar litríku persónur bjuggu allar í kjallaranum hjá ömmu Sjöllý sem hefur leigt út herbergi í Norðurmýrinni í nær fjörutíu ár.**

Hin 92 ára Sigurlaug Sigurjónsdóttir hefur búið á Skeggjagötu í fjörutíu ár og hefur nær allan þann tíma haft leigjendur í kjallaranum hjá sér. Á þessum tíma hefur hún kynnst fjölskrúðugu mannlífi; einbúum, erlendum fjölskyldum og einstaka glæpamanni.

Við Fréttablaðsfólkið erum ekki fyrr sest við eldhúsborðið en Sigurlaug snarar fram kökum og kaffi. Amma Sjöllý, eins og hún er gjarnan kölluð, segir okkur að hún hafi flutt í Norðurmýrina árið 1981 með eiginmanni sínum heitnum. „Þá var ríkið hérna á móti og Þórður sagði að ég væri að spara sér sporið,“ segir Sigurlaug og hlær meðan hún hellir í kaffibollana hjá gestum sínum.

Tveir afkomendur Sigurlaugar eru í heimsókn, Ásdís dóttir hennar og sonardóttirin. „Hún stendur alltaf og þjónar til borðs. Maður þarf að biðja hana oft um að fá sér sæti,“ segir Steinunn þegar undirrituð óttast að hún sitji í sæti Sjöllýar.

*Þannig að þú ert ekki með fast sæti?*

„Nei,“ svarar Sigurlaug. „Ég er aldrei með fast sæti. Ég velt um.“

**Í viðbyggingu við hænsnakofa**

Amma Sjöllý er smávaxin kona með stutt krullað hár. Hún er skriðin yfir á tíræðisaldurinn, býr ein og sér algjörlega um sig sjálf. Hún syngur enn – „sópran í Ekkó kórnum,“ segir hún stolt.

Sigurlaug, sem er fædd 1929, er upphaflega úr Skerjafirðinum en flutti níu ára í Árbæ sem var þá bara sveit. Þau voru ellefu systkinin og Sigurlaug elst. Fjölskyldan bjó í íbúð sem var áföst hænsnakofa en honum var fljótlega breytt í verksmiðju fyrir gerviblóm. Pabbi hennar, Sigurjón Jónsson, var mikill listamaður og garðyrkjumaður.

„Hann gerði aðallega kalablóm sem voru notuð í kransa. Svo gerði hann rósir og nellikur sem voru seldar í blómabúð í Austurstræti.“

Starfsemin var arðbær og nýtti pabbi hennar ágóðann í að fylla húsið af skepnum. Þegar mest var voru fjórtán kýr með kálfum, hestur og fullt af hænum.

Í húsinu var ekkert vatn eða rafmagn. Það var rigningarvatni safnað og vatn sótt í Elliðaárnar. Stundum fylgdi lax með í fötunni og þá földu bræður Sigurlaugar þá undir ullarpeysunni og hlupu heim.

„Okkur þótti voða gaman að ögra vaktmanninum við árnar.“

Á uppvaxtarárum Sigurlaugar voru átta herskálahverfi í Elliðaárdalnum og eins og við er að búast höfðu kamparnir mikil áhrif á líf fólksins á svæðinu. Öryggisgæsla var svo ströng að jafnvel börnin þurftu vegabréf til að komast heim til sín. Bræður hennar lærðu ensku í hernáminu í spjalli við Breta og Kana.

> **Allt í einu mátti ég ekki koma. Átti bara að horfa á barnið mitt í gegnum gler. Það var hræðilegt.**

Fljótlega eftir að Sigurlaug var farin að vinna flutti hún í miðbæinn. Hún kynntist Þórði á balli í Breiðfirðingabúð og leist ekkert á hann í fyrstu.

„Ég kærði mig ekkert um þennan mann sem rakti garnirnar úr öllum sem hann talaði við.“ Þórður gaf henni undir fótinn og að lokum féll Sigurlaug fyrir honum og þau eignuðust son.

**Yngsti sonurinn á vöggustofu**

Ásdís skýtur inn í að móðir hennar hafi verið einstæð í fyrstu þar sem Þórður reyndist vera giftur maður. Sigurlaug jánkar. „Það var ást í meinum.“

*Var erfitt að vera einstæð móðir fyrstu árin?*

„Ég hef alltaf farið svona í gegnum lífið. Það var nú aldrei erfitt,“ segir Sigurlaug og bætir þá Ásdís við: „En þetta var ekki alltaf auðvelt, var það nokkuð?“ Hún útskýrir að yngsti sonurinn hafi dvalið á vöggustofu frá nokkurra vikna aldri.

„Jú, það var erfitt,“ viðurkennir Sigurlaug. „Forstöðukonan var góð við mig í fyrstu og leyfði mér að koma þrisvar á dag til að gefa brjóst.“ Einn daginn breyttist allt viðmótið. „Allt í einu mátti ég ekki koma. Átti bara að horfa á barnið mitt í gegnum gler. Það var hræðilegt.“ Tók hún þá son sinn af vöggustofunni og var með hann heima hjá sér og naut liðsinnis foreldra sinna.

Eftir að annað barnið fæddist ákváðu þau Þórður að gifta sig og þegar börnin voru orðin fjögur og þau elstu farin að heiman flutti fjölskyldan á Skeggjagötu og fór að leigja út herbergin.

**Frakkar, Danir og Kínverjar**

Fyrsti leigjandinn var ung frönsk stúlka sem vann á Lækjarbrekku.

> **Mamma er mjög góð og hefur haft hér alla mannflóruna og allra þjóða kvikindi.**

„Ég held að sú franska hafi verið fyrst. Hún bakaði í herberginu sínu.“ Lokkandi ilmurinn fyllti allt húsið þegar sú franska bakaði tertur og kökur.

„Ég var með danska konu, franska konu, kínverskan leigjanda og síðar fjölskyldu hans.“

Hún segist muna sérstaklega vel eftir Wang-fjölskyldunni sem bjó saman í litlu herbergi. „Hjónin voru með eitt barn og hann var að meira eða minna leyti uppi hjá mér. Hann vildi bara alltaf skoða bækurnar,“ segir Sigurlaug. Hún skildi alltaf eftir dyrnar ólæstar svo sonurinn, Steinar Wang, gæti kíkt í heimsókn.

Fréttablaðið hafði uppi á Steinari sem minnist áranna á Skeggjagötu með hlýhug. „Mér verður oft hugsað til Sigurlaugar, í hvert skipti sem ég keyri fram hjá húsinu,“ segir Steinar. „Við vorum leigjendur hjá henni í nokkur ár. Ég fékk oft að koma upp til hennar og leika þar.“

**Söfnunarsjúkur grasafræðingur**

Nú biður ljósmyndarinn ömmu Sjöllý um að stilla sér upp í stofunni. Við röltum saman fram og Ásdís »

olís

# Gleðilega hátíð

Starfsfólk Olís sendir landsmönnum
bestu óskir um gleðilega hátíð og farsælt komandi ár
með kærri þökk fyrir samfylgdina á árinu.



GÆÐAVOTTUN Á GRUNDVELLI ALÞJÓÐLEGA GÆÐASTAÐALSINS ISO 9001

JAFNLAUNAVOTTUN 2019–2022

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG
VIÐ ERUM AÐALSTYRKTARAÐILI SLYSAVARNAFÉLAGSINS LANDSBJARGAR

KOLEFNISJÖFNUN Á ELDSNEYTISKAUPUM VIÐSKIPTAVINA OG ÖLLUM REKSTRI

ÖFLUGUR STUÐNINGUR VIÐ ÍÞRÓTTASTARF UM ALLT LAND

MYNDARLEGUR STUÐNINGUR VIÐ MARGVÍSLEG GÓÐGERÐARSAMTÖK

AÐALSTYRKTARAÐILI ÍSLANDSMÓTSINS Í HANDBOLTA UNDANFARIN FIMM ÁR



Sigurlaug Sigurjónsdóttir er komin á tíræðisaldur og sér algjörlega um sig sjálf. Hún hefur leigt út tvö herbergi í kjallaranum á Skeggjagötu í fjörutíu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

» Þar sat hann með skjalatöskuna opna, fulla af pillum.

» kíkir út um gluggann á garðinn. „Manstu eftir grasafræðingnum sem setti upp tjaldið í garðinum til að þurrka mosa?“

„Einmitt, grasafræðingurinn,“ segir Sigurlaug hugsi meðan hún lagar hárið. Þannig víkur sögunni að leigjanda sem safnaði alls kyns grösum og plöntum og umbreytti kjallaranum í kaotískan grasagarð.

„Hann var alltaf að gera einhver smyrsl og var hálfger safnari. Hann hafði átt heima í einbýlishúsi áður og ég held að hann hafi hreinlega tekið með sér alla búslóðina í litla herbergið.“

Sigurlaug þagnar andartak. „Var hann ekki á undan Svíanum?“ spyr hún og Ásdís verður hugsi. „Þessum sem var svo skotinn í þér,“ segir Sigurlaug og Ásdís hlær.

„Hann var alltaf að kíkja upp í heimsókn í leit að Ásdísi,“ útskýrir Sigurlaug. Oftar en ekki sneri hann vonsvikinn við. „Einn daginn gekk hann inn meðan ég var fárveik uppi í rúmi. Ég leit út eins og snarbrjáluð kona og honum brá svo að hann baðst afsökunar og lét sig hverfa.“

**Heilbrigðiseftirlitið kallað til**

Sigurlaug hefur alltaf verið tilbúin til að leigja hverjum sem er út herbergin, hvort sem leigjandinn er að koma úr afvötnun eða afplánun og ökklaband hefur aldrei verið fyrirstaða.

„Mamma er mjög góð og hefur haft hér alla mannflóruna og allra þjóða kvikindi,“ segir Ásdís sem hefði kannski viljað ítarlegra umsóknarferli fyrir suma leigjendur eins og þann næsta sem kemur við sögu.

Einn daginn kom grannvaxinn maður með bleikt hár í heimsókn og spurðist fyrir um herbergið og þótti Sigurlaugu ekkert eðlilegra en að leigja honum það. „Hann var bara þreyttur og miðaldra maður og ég vorkenndi honum svolítið. Svo sáu dætur mínar manninn og spurðu mig hvað í ósköpunum ég hefði verið að hugsa,“ segir Sigurlaug.

„Hann var ansi litríkur en var alltaf með einhverja dularfulla skjalatösku með sér,“ botnar Ásdís og heldur áfram: „Einn daginn fara mamma og pabbi til Spánar og þá kemur í ljós að þetta er maður sem á við mikinn áfengis- og fíkniefnavanda stríða og fékk víst eitthvað í magann.“

„Einmitt, hann braut klósettsetuna,“ minnist Sigurlaug. „En við skulum ekki fara út í smáatriði. Orðum það bara þannig að það þurfti að rífa allt upp eftir þetta.“

„Þið þurftuð að flytja hann út, var það ekki?“ spyr Ásdís og Sigurlaug heldur áfram: „Já, eða öllu heldur heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar.“

„Einmitt,“ segir Ásdís og gapir. „Ég man að ég mætti þangað og sá heilbrigðiseftirlitið og vinnumenn frá Reykjavíkurborg að girða fyrir húsið og bera rúmið hans út í vörubíl í stóran sandbing og moka yfir. Þeir rifu upp teppin og förguðu öllu innbúinu.“

Þegar Þórður og Sigurlaug sneru aftur frá Spáni var búið að hreinsa út alla neðri hæðina. Sigurlaug fór í kjallarann til að þvo þvott og sá þar bleikhærða manninn sitjandi á gólfinu í tómu herberginu. „Þar sat hann með skjalatöskuna opna, fulla af pillum.“

» Hér bjó til dæmis hávaxin og hugguleg kona í miðju kynleiðréttingarferli, svo var einn samkynhneigður ungur maður og svo strákur sem klæddi sig stundum í kjóla um helgar.

**Karlar í kjólum**

Sigurlaug hefur leigt herbergin fólki af öllum kynjum og kynhneigðum.

„Hér bjó til dæmis hávaxin og hugguleg kona í miðju kynleiðréttingarferli, svo var einn samkynhneigður ungur maður og svo strákur sem klæddi sig stundum í kjóla um helgar,“ segir Sigurlaug.

Karlmenn sem klæðast kjólum hafa ávallt loðað við líf hennar, fyrst faðir hennar sem klæddist kjól á sunnudögum og saumaði út, og síðar einn leigjenda hennar sem klæddi sig reglulega upp í kvenmannsföt.

„Ég man þegar ég átti einu sinni leið niður í kjallara hjá mömmu seint um kvöld og þessi rósótta mikla vera kom aðvífandi eftir kjallaraganginum í myrkrinu,“ verður Ásdísi að orði.

**Skammaði albanskan mafíósa**

*Hefurðu almennt verið lánsöm með leigjendur?*

„Já, í flestum tilfellum en stundum var maður með leigjendur sem hreinsuðu ekki eftir sig,“ segir Sigurlaug og setur þá Ásdís upp svip. „Þú hefur nú haft verri leigjendur en það. Hvað með manninn sem var að selja kókaín?“

„Já, alveg rétt,“ segir Sigurlaug og kippir sé lítið upp við spurninguna en blaðamaður rekur upp stór augu.

Þá hafði Sigurlaug leigt manni frá Albaníu neðri hæðina en ekki leið á löngu þar til kjallarinn fylltist af félögum hans sem voru farnir að aðhafast ýmislegt. Af lýsingum mæðgnanna að dæma dregur blaðamaður þá ályktun að þarna hafi hreinlega verið um albönsku mafíuna að ræða.

„Þeir voru búnir að yfirtaka þvottahúsið. Þetta var orðinn hálfgerður samkomustaður,“ segir Sigurlaug sem áréttar að hún viti ekkert um það hvort þeir hafi verið að stunda eitthvað ólöglegt.

„Þeir voru nú samt að gera ýmislegt,“ segir Ásdís. „Ja, ég veit ekkert um það,“ svarar Sigurlaug og bætir svo við: „En jú, sennilega voru þeir að selja kókaín.“

Helst fannst Sigurlaugu óþægilegt þegar Albanarnir voru farnir að leigja herbergið áfram án þess að ræða við hana. Þá bjó dótturdóttir hennar í öðru herbergjanna.

„Þá voru oft menn á vappi um húsið, að koma inn og út um kjallarann og voru að kíkja inn um gluggana. Ég man að ég sá tvo þeirra banka á gluggann í bakgarðinum og þá kallaði ég eitthvað í áttina til þeirra og þeir þutu eins og byssubrenndir í burtu og leigjandinn minn hljóp út, skellti á eftir sér og keyrði á eftir þeim.“

Mennirnir voru oft í gulum vestum, líkum þeim sem borgarstarfsmenn klæðast, þó að þeir væru ekki að vinna og þaðan af síður á vegum borgarinnar. „Ég held að þeir hafi gert þetta svo enginn sæi neitt athugavert við ferðir þeirra inn og út úr húsinu.“

Ásdís minnist þess þegar einn þeirra reyndi að brjótast inn um gluggann með heygaffli. Sigurlaug kinkar kolli. „Þeir slógust og einn var að reyna að brjótast inn með gaffli. Ég fór þá út og skammaði hann.“

Var maðurinn í miklu uppnámi og lýsti því yfir að hann ætlaði að drepa leigjanda Sjöllýjar. Amma Sjöllý kippti sér lítið upp við það og fylgdust nágrannarnir agndofa með þegar hún grútskammaði froðufellandi manninn sem stóð fyrir neðan tröppurnar með heygaffalinn í hendi.

Henni þótti helst leitt að sjá vináttuna milli mannanna dvína. „Þeir höfðu setið úti í garði deginum áður og legið á teppi.“

*Voru þeir bara með pikknikk daginn áður?*

„Ekki pikknikk, það var bara gott veður og þeir sátu á teppinu í sólinni.“

**Gott að hitta fólk**

Þrátt fyrir hina litríku flóru sem í kjallaranum hefur búið hefur Sjöllý aldrei þurft að kalla á lögreglu enda flestir leigjenda hennar verið frábærir. Hún segist hins vegar oft finna fyrir kvíða þegar hún þarf að velja nýtt fólk í herbergin.

„Mömmu finnst stundum erfitt að segja nei,“ segir Ásdís og Sigurlaug jánkar. „Já, en það var aldrei erfitt þegar ég var búin að segja já.“

Þegar amma Sjöllý lítur yfir árin og leigjendurna fjörutíu segist hún alltaf hafa notið þess að kynnast nýju fólki. „Ég get alltaf hitt fólk.“ ■

» Þeir slógust og einn var að reyna að brjótast inn með gaffli. Ég fór þá út og skammaði hann.


Gleðilega hátíð
Allur iðnaður byggir á sömu uppskriftinni: hugviti, verkviti og vilja til að láta gott af sér leiða í þágu samfélagsins. Birtingarmyndirnar eru óteljandi og eiga allar heima hjá Samtökum iðnaðarins sem vinna að sókn íslensks iðnaðar til hagsbóta fyrir okkur öll.
Samtök iðnaðarins óska félagsmönnum og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á nýju ári.
SI
Samtök iðnaðarins

# JÓL VÍÐS VEGAR UM HEIMINN





Þessi hressi kappi ferðaðist í jólasveinabúningi um Frankfurt í Þýskalandi.



Verslunar-eigandi stillir upp gervitré í Mexíkó. Andrés Manuel López Obrador, forseti Mexíkó, bað fólk um að gæta að sóttvörnum um hátíðirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Hjónakornin Vilhjálmur Bretaprins og Katrín hertogaynja syngja jólasálm á tónleikum sem haldnir voru í Westminster Abbey í Lundúnum.



Það er ávallt tími til þess að taka af sér sjálfu, meira að segja í miðju jólastressi í hinu mikla öngþveiti í Hong Kong.



Gíraffinn Armani étur mat sinn úr höndum starfsmanns í glæsilegum jólaklæðnaði í dýragarðinum í Perth í Ástralíu.




**Símanúmer þjónustuvaktar er 516 6000 en einnig er hægt að senda fyrirspurnir á veitur.is**

VEITUR

## Merkisatburðir

**502** Xiao Yan Kínakeisari útnefnir Xiao Tong sem erfingja.
**640** Jóhannes fjórði er kjörinn páfi.
**820** Leó fimmti Býzanskeisari er ráðinn af dögum í Ægisif í Konstantínópel.
**1294** Bónifasíus áttundi er kjörinn páfi.
**1613** Sagnir herma að snjóflóð hafi fallið á fólk úr Siglufirði í Siglunesskriðum og að fimmtíu hafi farist en engar samtímaheimildir eru til um slysið.
**1624** Kristján fjórði stofnar póstþjónustu í Danmörku.
**1777** James Cook uppgötvar Jólaeyju.
**1851** Bandaríska þingbókasafnið brennur.
**1865** Jonathan Shank og Barry Ownby stofna Ku Klux Klan.
**1871** Óperan Aida sýnd í fyrsta skipti í Egyptalandi.
**1906** Fyrsta útvarpsútsendingin fer fram.
**1924** Albanska lýðveldið er stofnað.
**1934** Ríkisútvarpið les í fyrsta sinn jólakveðjur.
**1951** Líbýa fær sjálfstæði frá Ítalíu.
**1956** 52 ungverskir flóttamenn, 52 talsins, koma til Íslands.
**1968** Áhöfn **Apollo 8** nær þeim áfanga að verða fyrsta fólkið á sporbaug um tunglið.
**1980** Fjöldi sjónarvotta segist hafa séð fljúgandi furðuhlut í Bretlandi.
**2003** Spænska lögreglan kemur í veg fyrir að ETA sprengi fimmtíu kíló af sprengiefni á lestarstöð í Madríd.





Kjötsúpa var lengi vel borðuð á aðfangadag sem þótti ekki merkilegur hátíðardagur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


Árni segir að smám saman hafi húsmæður lært að elda skötuna þannig að hún yrði gómsæt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Lélegasti jólamaturinn

**Þótt skatan sé í dag rótgróin Þorláksmessuhefð á mörgum heimilum var hún í upphafi lélegasti maturinn.**

arnartomas@frettabladid.is

Einn af umdeildari jólaréttum Íslendinga er óneitanlega skatan sem ýmist kætir kverkar landsmanna eða fær þá til að kúgast. Hún er á mörgum bæjum ómissandi hefð á Þorláksmessu en upphaf hennar í íslenskri menningu er áhugavert.

„Upprunalega var skatan lélegasti maturinn,“ segir Árni Björnsson þjóðháttafræðingur og útskýrir að í kaþólskum sið hafi verið jólafasta á Þorláksmessu. „Meiningin var að hafa versta matinn áður en hátíðarmaturinn kæmi daginn eftir og yrði þá enn betri í samanburði – að umskiptin yrðu sem greinilegust.“

Skatan var sum sé í upphafi fátækramatur og þótti ekki mikils virði. En eins og þekkist víðs vegar um heiminn þá verður oft það sem eitt sinn þótti fátækramatur síðar meir að herramannsmat.

„Það þekkjum við í franskri matargerð og víðar,“ segir Árni. „Smám saman lærðu húsmæður að verka skötuna þannig að hún varð gómsæt. En upphaflega átti þetta hreinlega að vera lélegur matur.“

Skatan var upphaflega aðallega bundin við Vestfirði en hún var höfð á jólaföstunni. „Á stríðsárunum og eftir miðja síðustu öld fóru Vestfirðingar að flykkjast til Suðurnesja,“ segir Árni. „Það verður mikið landnám Vestfirðinga í Keflavík og á Suðurlandi og þá fluttu þeir skötuna með sér. Áður var skatan ekki þekkt sem Þorláksmessumatur hér í Reykjavík eða á Suðvesturlandinu.“

**Jóladans og kjötsúpa**

Á aðfangadegi segir Árni að hefðirnar hafi verið ólíkar eftir hvort um var að ræða kaþólskan sið eða mótmælendatrú, fyrir eða eftir siðaskipti.

„Á kaþólskum tíma fóru menn til aftansöngs í sóknarkirkjunni og síðan í miðnæturmessu klukkan tólf,“ segir Árni. „Íslendingar héldu reyndar þessum sið áfram fram á átjándu öld þangað til hann var hreinlega bannaður með konunglegri tilskipun, því þetta var öðruvísi en í danska konungsríkinu.“

*En af hverju ríghéldu Íslendingar í þennan sið?*

„Það var líklega vegna þess að miðnæturmessan var um leið skemmtun,“ segir Árni. „Aftansöngurinn var klukkan sex og miðnæturmessan klukkan tólf. Þarna voru fimm tímar þar sem menn þurftu að hírast í desemberkulda, og þá fóru þeir að dansa til að halda á sér hita á jólanótt.“

Þar kemur hinn frægi jóladans eins og kom fram í þjóðsögum, til dæmis um dansinn í Hruna og Bakkastað.

> **Meiningin var að hafa versta matinn áður en hátíðarmaturinn kæmi daginn eftir og yrði þá enn betri í samanburði.**


Árni Björnsson, þjóðháttafræðingur

Hvað jólarétti varðar segir Árni að þangað til fyrir um hundrað árum hafi miklu meira verið borðað af kjötsúpu á aðfangadag en hangikjöt á jóladag.

„Við höldum mikið upp á aðfangadagskvöldið sem kaþólskar þjóðir gerðu iðulega ekki,“ segir Árni. „En það lítur út fyrir að þegar jólanæturmessan var bönnuð um miðja átjándu öld þá hafi menn bætt sér aðfangadagskvöldið upp með því að hafa aðra aðalmáltíðina þá.“ ■

---



✝

Elskuleg systir okkar, mágkona og frænka,

**Sigríður Ruth Hjaltadóttir**

lést á heimili sínu á Sólheimum í Grímsnesi mánudaginn 20. desember. Útför verður auglýst síðar.

**Aðstandendur.**

---



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkar samúð og hlýhug við andlát og útför elsku eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Hebu Ásgrímsdóttur**
ljósmóður,
Hamratúni 9, Akureyri.

**Hallgrímur Skaptason**

| | |
|---|---|
| **Skapti Hallgrímsson** | **Sigrún Sævarsdóttir** |
| **Guðfinna Þóra Hallgrímsdóttir** | **Sigurður Kristinsson** |
| **Ásgrímur Örn Hallgrímsson** | **Lena Rut Birgisdóttir** |
| **Sólveig Hallgrímsdóttir** | **Birgir Þór Jónsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is • AUÐBREKKA 1, KÓPAVOGI
Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar sé þess óskað


Jóhanna Eiríksdóttir


Sverrir Einarsson


Jón G. Bjarnason

Alúð • Virðing • Traust • Reynsla
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Nærgætni, hlýja og virðing — Við andlát ástvinar


Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353


Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn


---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingibjörg Ragnheiður Björnsdóttir**
áður til heimilis að Ásenda 15,

andaðist 19. desember síðastliðinn. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 14. janúar, kl. 13.

| | |
|---|---|
| **Jóhanna G. Linnet** | **Kristján B. Ólafsson** |
| **Ragnheiður Linnet** | **Runólfur Pálsson** |

**Hrafnhildur Linnet Runólfsdóttir**
**Bjarni Páll Linnet Runólfsson**
**Ingibjörg Ragnheiður Linnet**
**Herdís Ágústa Linnet**
**og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ásta Sigríður Sigtryggsdóttir**
Kópavogsbúi,

lést á líknardeildinni í Kópavogi, 28. nóvember sl. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 29. desember kl. 15.00. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu geta einungis nánustu aðstandendur verið viðstaddir. Streymt verður frá útförinni á slóðinni https://streyma.is/streymi/

**Eiríkur Þór Magnússon**
**Valgeir Bergmann og Sara Elíasdóttir**
**Linda Björg Magnúsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT

KYNNINGARBLAÐ

**FÖSTUDAGUR** 24. desember 2021

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is



Marentza situr ekki auðum höndum á aðventunni. Hún gefur sér tíma til baksturs meðfram vinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Purusteik og heimagert rauðkál er alltaf í uppáhaldi á jólum

Marentza Poulsen, smurbrauðsdrottning okkar Íslendinga, er búin að vera í eigin rekstri meira og minna síðastliðin þrjátíu og fimm ár. Í dag rekur hún Klambra Bistró á Kjarvalsstöðum og Café Flóru í Laugardalnum sem er opin yfir sumartímann.

sjofn@frettabladid.is

Marentza er mikið jólabarn og nýtur þess að undirbúa og halda jólin með sínum nánustu. Eiginmaður hennar er Hörður Hilmisson og hafa þau verið gift í tæplega fimmtíu ár. Þau eiga tvö börn og fjögur barnabörn og finnst ekkert skemmtilegra en að njóta góðra samverustunda með þeim um hátíðirnar og snæða ljúffengar jólakræsingar. „Ég er alin upp af mikilli matmóður og þaðan kemur bæði áhuginn og ástríðan fyrir matargerðinni. Þetta hefur verið mitt aðaláhugamál og hef ég verið svo heppin að eiga þess kost að vinna við að búa til mat og bera hann fram," segir Marentza þegar hún er spurð um ástríðu sína fyrir matargerð.

**Jólatónleikarnir fastur liður**

Þegar kemur að desembermánuði og Marentza er spurð hvort hún skipuleggi hann í þaula segir hún að vinna taki stóran part af jólamánuðinum hjá henni. „Aðventan hjá mér er alls konar, þannig er það þegar maður rekur veitingahús, þetta er okkar vertíð. Það eru sem betur fer alltaf einhverjar hefðir sem maður vill halda í eins og til dæmis að við fjölskyldan hittumst fyrsta sunnudag í aðventu og föndrum, drekkum kakó og höfum gaman." Marentza segir jafnframt að hún haldi upp á aðventuna með því að fara á jólatónleika. „Jólatónleikar með Karlakór Reykjavíkur hafa verið fastur liður ár hvert. Undanfarið ár hefur reyndar ekki verið mikið um að vera á aðventunni vegna aðstæðna í samfélaginu," segir Marentza og þakkar fyrir að hafa fengið aðeins meira frelsi í byrjun mánaðarins.

**Pabbi las sögur á aðfangadag**

Marentza heldur í ákveðnar hefðir sem hafa fylgt henni frá

»






» bernsku. „Við höfum haldið skemmtilegt jólaboð með stórfjölskyldunni og vinum annan í jólum, það er alltaf tilhlökkun að fá að hittast og skemmta sér saman. Svo eru jú ákveðnar smákökur sem ég baka alltaf.“

*Áttu þér einhverja fallega minningu sem tengist jólunum?*

„Sterkasta minningin er þegar pabbi las fyrir okkur sex systkinin jólasögur á aðfangadag á meðan mamma kláraði að elda jólasteikina og koma henni á borðið. Það voru notalegar stundir,“ segir Marentza dreymin á svip.

**Purusteikin og heimagerða rauðkálið ómissandi um jólin**

Matarhefðir og siðir í kringum jólin eru ríkjandi hjá Marentzu. „Ég útbý alls konar mat fyrir jólin sem fer á matarborðið um miðjan jóladag. Þetta er sá dagur þar sem allir hafa það eins og þeir vilja, fjölskyldumeðlimir koma þegar þeim hentar, maturinn er á borðinu og allt bara afslappað og huggulegt,“ segir Marentza, þetta sé virkilega góð stund sem hún gæti engan veginn sleppt. Uppáhalds jólamaturinn hennar er purusteikin með heimagerðu rauðkáli og segir Marentza það tvennt vera algjörlega ómissandi um jólin. Hefðirnar hjá Marentzu hafa eitthvað breyst frá hennar bernskuárum en hún heldur enn í ákveðnar hefðir. „Heilmikið hefur breyst þó svo að ég haldi í gamlar hefðir þá fylgi ég líka tíðarandanum. Ég hef gaman af því að prófa ýmislegt nýtt og blanda jafnvel saman við gamlar hefðir. Eftir að við urðum öll fullorðin breyttist matargerðin töluvert, dagurinn fer til að mynda í það að undirbúa alls konar rétti og svo er setið lengi til borðs. Hingað til hefur purusteikin alltaf verið á borðum á aðfangadagskvöld ásamt ýmsu öðru.

Kaniltertan er ein af uppáhaldskökunum mínum og tilheyrir jólunum með sínum dásamlega ilmi. Spesíurnar eru alltaf bakaðar fyrir jólin og eru ómissandi hluti af jólaandanum á mínum heimili. Einnig er hér uppskrift að finnskum brauðum sem voru bökuð á hverju heimili í minni bernsku í Færeyjum. Loks langar mig líka að deila með lesendum uppskrift að medalíunum hennar mömmu minnar.“

Marentza hefur starfað sem smurbrauðsjómfrú í mörg ár og rekið eigin veitingahús.





Kaniltertan er glæsileg á borði og ekki síðri á bragðið.



Fallegar medalíur en Marentza fékk uppskriftina hjá móður sinni.



Spesíur eru jólalegar og vinsælar.

## Kanilterta Marentzu
**fyrir 4 kökubotna í 24 cm form**

- 250 g sykur
- 250 g smjör
- 2 egg
- 250 g hveiti
- 4 tsk. kanil.

Byrjið á því að hita bakaraofninn í 180°C. Síðan þeytið þið saman sykur og smjör þar til verður létt og ljóst, bætið einu og einu eggi í í senn og síðan þurrefninu. Smyrjið deigið þunnt í hvert tertumót, setjið inn í ofn og bakið við 180°C í um það bil 5 mínútur

Þeyttur rjómi er settur á milli botnanna og svo er gott að setja brætt súkkulaði ofan á kökuna og skreyta eftir vild.

1 desilítri af rjóma er settur í pott og hitaður upp að suðu og 150 grömm af suðusúkkulaði er sett saman við vel heitan rjómann. Hrærið í rjómablöndunni þar til súkkulaði hefur blandast vel saman við rjómann og hellið yfir kökuna.

## Medalíurnar hennar mömmu

- 400 g hveiti
- 100 g flórsykur
- 200 g smjör
- 1 egg
- Hindberja- eða jarðarberjasulta
- ½ dl rjómi
- 200 g súkkulaði brætt, ég nota bleikt em mamma notaði bleikan glassúr.

Byrjið á því að setja hveiti og flórsykur í hrærivélarskálina og blandið saman. Bætið síðan smjörinu saman við ásamt egginu. Hnoðið deigið vel saman. Þegar deigið er orðið vel þétt er það sett í smjörpappír og látið standa í kæli í 30 mínútur.

Takið deigið út úr kælinum og fletjið það út á hveitistráðu borði og stingi út með þar til gerðu stungujárni eða glasi í um 3 mm þykkar kökur. Bakið kökurnar við 200°C hita í bakaraofni í 6 til 7 mínútur. Þegar kökurnar eru orðnar kaldar er helmingur þeirra hjúpaður með súkkulaðinu, hinn helmingurinn er notaður sem neðri botn. Setjið eina teskeið af sultunni í miðjuna á einum neðri botninum og sprautið þeyttum rjóma hringinn í kringum sultuna, setjið síðan súkkulaðihjúpaðan botninn ofan á þannig að úr verði samloka.

## Spesíur

- 5 dl hveiti
- 1 dl sykur
- 2 tsk. vanillusykur
- 200 g smjör
- Súkkulaðidropar

Allt hráefni er sett saman í hrærivélarskálina og hnoðað saman.

Takið hnoðaða deigið úr skálinni og búið til mjóar lengjur og síðan kúlur sem settar eru á bökunarpappír og súkkulaðidropunum er þrýst í miðjuna á hverri köku.

Bakið við 175°C þar til þær verða fallega ljósbrúnar.

## Finnsk jólabrauð

- 200 g smjör
- 250 g hveiti
- 50 g sykur

### Ofan á hverja köku

- 1 egg
- 1 msk. kalt vatn
- 1 msk. gróft saxaðar möndlur
- 50 g perlusykur
- 15 g lakkrísduft

Skerið smjörið í teninga og setjið það saman við hveitið og sykurinn í hrærivélarskálinni og hnoðið saman. Takið hnoðaða deigið og búið til þykka rúllu og pakkið í smjörpappír og setjið síðan í kæli í um það bil 30 mínútur.

Takið deigið út úr kælinum og búið til fingurþykkar lengjur og skerið þær í 2 til 3 sentimetra stykki og raðið á plötu klædda smjörpappír. Penslið hvert stykki með eggjablöndunni og stráið söxuðu möndlunum, perlusykrinum og lakkrísduftinu ofan á hvert stykki og bakið við 200°C í 8 til 10 mínútur. ■

BREYTT HELGIHALD
Í GRAFARVOGSSÖFNUÐI
UM JÓL OG ÁRAMÓT!



**Aðfangadagur kl. 18:**
Jólakveðja frá kirkjunni á heimasíðu, Facebook, Youtube og Instagram.

Prestar:
Sr. Magnús Erlingsson og sr. Sigurður Grétar Helgason.

Organisti:
Hákon Leifsson.
Einsöngur: Særún Rúnudóttir.
Kór Grafarvogskirkju

**Annar í jólum kl. 11:**
Kyrrðarstund og súkkulaði í kirkjunni.

Prestur:
Sr. Sigurður Grétar Helgason.
Organisti: Hákon Leifsson.

**Nýársdagur kl. 14:**
Áramótakveðja frá kirkjunni á heimasíðu, Facebook, Youtube og Instagram.

Prestar:
Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir og sr. Guðrún Karls Helgudóttir.

Píanóleikari: Gísli Magna.
Einsöngur: Diddú.
Vox Populi

**Allt er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Björn Víglundsson | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

## Keypt & Selt

### Til sölu





JS LJÓSASMIÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661


Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.


LED leiðiskrossar



- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is



FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut



Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is




Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi



SAFT
Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is


## Heimilið

### Barnavörur



**SYSTKINA VAGN/KERRA**
Verð frá 165.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500


Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —
Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is






Óskum viðskiptavinum okkar nær og fjær og landsmönnum öllum gleðilegra jóla

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.


STYKKISHÓLMSBÆR

## AUGLÝSING

### Tillaga að deiliskipulagi Súgandiseyjar í Stykkishólmsbæ

Á 402. fundi sínum 30. september s.l. samþykkti bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Súgandisey skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Markmiðið með tillögunni er að móta ramma fyrir göngu- og náttúruupplifun á eyjunni og tryggja jafnframt öryggi sjófarenda með sjótengdum mannvirkjum. Skipulagstillagan byggir á niðurstöðum úr hugmyndasamkeppni um skipulag og hönnun útsýnisstaðar á eyjunni.

Deiliskipulagstillagan ásamt húsakönnun verður til sýnis á heimasíðu Stykkishólmsbæjar og í ráðhúsi bæjarins, Hafnargötu 3, frá 21. desember 2021 til 4. febrúar 2022.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að kynna sér tillöguna og koma ábendingum eða athugasemdum á framfæri til og með 4. febrúar 2022. Þær skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa að Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi eða á netfangið: skipulag@stykkisholmur.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan ofangreinds frests teljast samþykkir henni.

*Stykkishólmi, 21. desember 2021.*

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Flataskóli**
- Starfsmaður á frístundaheimili

**Garðaskóli**
- Íslenskukennari

**Urriðaholtsskóli**
- Leiðbeinandi á leikskólastig
- Leikskólakennari á leikskólastig
- Umsjónarmaður frístundaheimilis

**Leikskólinn Akrar**
- Deildarstjóri
- Leiðbeinandi

**Leikskólinn Bæjarból**
- Aðstoðarleikskólastjóri

**Leikskólinn Kirkjuból**
- Deildarstjóri
- Háskólamenntaður starfsmaður
- Leiðbeinandi
- Leikskólakennari

**Leikskólinn Mánahvoll**
- Deildarstjóri
- Háskólamenntaður starfsmaður
- Leiðbeinandi
- Leikskólakennari

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is**

GARÐABÆR
gardabaer.is


HÖFÐI FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is



Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast.
Ásmundur Skeggjason lögg. fast.
Brynjar Baldursson sölufulltrúi
Jóhann Friðgeir Valdimarsson lögg. fast.
Kristinn Tómasson lögg. fast.
Þórarinn Friðriksson lögg. fast.

Jólakveðja, starfsfólk Höfða fasteignasölu

*Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.*





*Þökkum viðskiptin á árinu.*

# Deildarstjóri reikningshalds og uppgjöra

# Sérfræðingur á skrifstofu fjármála

ósar



**Ósar hf. er félag á sviði lýðheilsu og heilbrigðis með það hlutverk að veita vandaða og faglega stoðþjónustu fyrir dótturfélögin, Icepharma, Parlogis og LYFIS, sem hafa verið í fararbroddi á íslenskum neytenda- og heilbrigðismarkaði síðan 1919.**

**Hjá okkur starfar metnaðarfullt og kraftmikið starfsfólk í sterkri liðsheild. Við leggjum áherslu á frumkvæði og svigrúm til að vaxa og þróast í starfi og leggjum fyrst og fremst áherslu á starfsfólk okkar, reynslu þeirra og þekkingu.**

## Deildarstjóri reikningshalds og uppgjöra

Óskum eftir að ráða kraftmikinn og áhugasaman deildarstjóra til að leiða öflugan hóp starfsmanna reikningshalds og uppgjöra. Starfið hentar einstaklingum með mikla reynslu af reikningshaldi og fjármálaferlum meðalstórra og stórra fyrirtækja.

### Menntunar- og hæfnikröfur

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi, löggilding í endurskoðun er kostur
- Reynsla og þekking á reikningsskilum og uppgjörsvinnu er skilyrði
- Mjög góð kunnátta í Excel og helstu fjárhagskerfum; þekking á Dynamics AX er kostur
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum kostur
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að starfa í teymi
- Frumkvæði, sjálfstæði og nákvæmni í starfi
- Rík þjónustulund og jákvætt hugarfar

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Dagleg stýring bókhaldsteymis
- Yfirumsjón með bókhaldi samstæðunnar
- Annast reikningshald og uppgjör fyrirtækisins ásamt dótturfyrirtækjum samstæðunnar
- Samskipti við endurskoðendur félagsins, þ.m.t. skil á bókhaldi til endurskoðunar
- Lokafrágangur í mánaðar- og árshlutauppgjörum
- Frágangur gagna til skattayfirvalda
- Skýrslugjöf vegna skuldbindinga, skattamála o.fl.
- Umsjón og eftirlit með samþykktum reikninga samstæðunnar
- Þátttaka í umbótaverkefnum ss. sjálfvirknivæðingu fjárhagsferla
- Aðstoð við samstarfsmenn og aðrar stoðdeildir innan fyrirtækisins

## Sérfræðingur á skrifstofu fjármála

Óskum eftir að ráða starfsmann í fjölbreytt og spennandi starf sérfræðings á skrifstofu fjármála. Starfið býður upp á möguleika til vaxtar og þroska í starfi hjá öflugu og rótgrónu fyrirtæki. Starfið hentar metnaðarfullum og nákvæmum einstaklingi með góða þekkingu og áhuga á fjármálum fyrirtækja.

### Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólapróf í verkfræði eða viðskiptafræði, framhaldsmenntun ákjósanleg
- Framúrskarandi kunnátta í Excel skilyrði; þekking á Targit og/eða Power BI er kostur
- Reynsla af fyrirtækjaráðgjöf og/eða fjármálum fyrirtækja er kostur
- Skilningur eða reynsla af bókhaldi er kostur
- Viðkomandi verður að sýna mikið frumkvæði, vera árangursdrifinn og metnaðarfullur
- Framúrskarandi greiningarhæfni og nákvæm vinnubrögð
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum, jákvæðni og góð þjónustulund

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Tekju- og kostnaðargreiningar auk annarra greininga eftir þörfum
- Þarfagreining og þróun skýrslna og mælaborða í Targit og öðrum viðskiptagreindarhugbúnaði
- Viðhald stjórnendaupplýsinga
- Eftirfylgni með lykilmælikvörðum og greining frávika
- Þátttaka í gerð rekstraráætlana
- Verkefnastjórn og þátttaka í þróun og innleiðingum nýrra lausna til sjálfvirknivæðingar
- Almenn ráðgjöf og þjónusta til stjórnenda samstæðunnar
- Önnur tilfallandi verkefni á sviði rekstrar

**Bæði störfin eru á fjármálasviði og heyra undir framkvæmdastjóra fjármálasviðs.**
Við hvetjum hæfileikaríkt fólk til að sækja um starfið, óháð kyni. Umsóknir óskast fylltar út á vef Hagvangs, hagvangur.is. Umsóknarfrestur er til og með 4. janúar 2022. Nánari upplýsingar veitir Sverrir Briem, sverrir@hagvangur.is.
Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá ásamt kynningarbréfi sem lýsir hæfni umsækjanda til að gegna starfinu. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og í samræmi við lög um meðferð persónuupplýsinga.

icepharma LYFIS parlogis

Lynghals 13 • 110 Reykjavík • 540 8000 • osar.is

ósar

lífæð heilbrigðis

## Veðurspá Föstudagur




Austlæg eða breytileg átt 3-10 m/s, en austan 10-15 við suðurströndina. Skýjað að mestu á austanverðu landinu og lítils háttar él, en yfirleitt léttskýjað vestan til. Frost 0 til 10 stig, kaldast í innsveitum á Norðausturlandi, en frostlaust syðst. ■

## Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik



Papoport átti leik gegn Beljasky árið 1977.

**1...Hh1+! 2. Kxh1 Dh8+ 3. Kg1 Rf3+! 4. gxf3 Dh2+ 5. Kf1 Dh1+ 6. Ke2 gxf3+ 7. Kd3 Dxd1+ 8. Kc3 Be5 0-1.**
Íslandsmótið í atskák fer fram 27. og 28. desember nk. Opið öllum. Nánar á skak.is. Annan dag jóla hefst HM í at- og hraðskák í Varsjá. Magnús Carlsen og flestir sterkustu skákmenn heims taka þátt. Tenglar á útsendingar verða á skak.is.
**www.skak.is:** Gleðileg skák-jól! ■

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
**1** ferma
**5** tré
**6** í röð
**8** seinlæti
**10** óró
**11** léleg
**12** frá
**13** hlunnindi
**15** þokki
**17** vitleysa

**LÓÐRÉTT**
**1** nennuleysi
**2** þolinmæði
**3** atvikast
**4** ábati
**7** jafnhliða
**9** fugl
**12** skaði
**14** seinka
**16** tveir eins

**LÁRÉTT:** **1** lesta, 5 eik, 6 rs, 8 tregða, 10 ið, 11 aum, 12 burt, 13 ítak, 15 fegurð, 17 firra.
**LÓÐRÉTT:** **1** letilíf, 2 eirð, 3 ske, 4 arður, 7 samtíða, 9 gaukur, 12 bagi, 14 tef, 16 rr.








## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | | 9 | | 7 | 8 | 4 |
| | | 2 | 8 | | | 6 | 9 | |
| | 9 | | | 5 | 7 | | 3 | |
| | 1 | | | | | | 2 | |
| | | | | 4 | 8 | | | 9 |
| | 6 | | 2 | | 5 | 8 | | 7 |
| 4 | 7 | | 9 | | | 1 | | |
| 6 | | | | | | | 4 | 8 |
| 1 | | 5 | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | 1 | 8 | | 2 | | 3 | |
| | 7 | 9 | 1 | | | | 5 | |
| 2 | | | | | | | | 1 |
| | | 6 | | 2 | | | | 9 |
| | | | | 5 | | | | |
| 1 | 4 | | | | | | | 2 |
| | 8 | | 2 | | | | 1 | |
| | | 2 | | | 5 | | | |
| 6 | | 5 | 3 | 7 | | 9 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.


# GLEÐILEGA HÁTÍÐ



Við sendum þjóðinni allri okkar hlýjustu jóla- og nýjárskveðjur, með þökk fyrir velvild og stuðning í gegnum árin.

Megi hátíðirnar færa ykkur birtu og yl, gleði og góðar stundir.

Hátíðarkveðjur,
Starfsfólk Ljóssins

Ljósið


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ÞAÐ ER BARA EIN

# ÚTSALA

## 25.12 - 9.1




## 20% - 70% AFSLÁTTUR

**ORMSSON**

Reykjavík, Akureyri og ormsson.is

*Við óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári*

ARCTIC TRUCKS

H-BERG

LIND FASTEIGNASALA

AFLTAK

FIL

Graenir skátar

Bústólpi
HJARTAÐ Í ÍSLENSKUM LANDBÚNAÐI

Hafnes ehf

FAGVERK

Fjallabyggð

Bakarameistarinn

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • www.friform.is

Árvirkinn

Aquasport

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Landstjarnan

S

NORMX

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

RUBIX

ÍSLANDS APÓTEK

VALHÖLL
FASTEIGNASALA
Síðan 1995

TRYGGINGARÉTTUR

KRÓKUR

RG
Útfararþjónusta
Rúnars Geirmundssonar
Stofnað 1990
Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

SVN
Síldarvinnslan hf

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

ÍF
Íþróttasamband fatlaðra

RAFMENNT
fræðslusetur rafiðnaðarins

# *Við óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári*


BRIM

FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR I TRAUST I ÁRANGUR

HÖFÐAHÖLLIN
BÍLASALA
WWW.BILO.IS

KUBBALJÓS
• kubbaljos.is •

KS
Kaupfélag Skagfirðinga

CARGOFLUTNINGAR
Sími: 845 0900

AVON

B. Markan ehf.
Pípulagnir
✆ 660 6690

SYSTEMS One
www.one.is · one@one.is
sími: 660 8551 · fax: 588 1057

MIÐSTÖÐIN

RAG
import - export

vinnuvernd

Þrif og ræstivörur

SKAUTAHÖLLIN
LAUGARDAL

VERKHÖNNUN
VERKFRÆÐIRÁÐGJÖF

STÁLIÐJAN
Stálhúsgögn og alhliða stálsmíði

ÚTFARARSTOFA
ÚR
REYKJAVÍKUR

VÍKURVAGNAR EHF.

GLUGGA
GERÐIN

GODDI.IS
AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550



Bestu tónleikar ársins voru með Concertgebouw-hljómsveitinni í nóvember. MYND/AÐSEND



Ólafur Kjartan Sigurðarson stórsöngvari brá sér í gervi Óðins á tónleikum í Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Hún er óvanalega innblásinn hljómsveitarstjóri, segir Jónas Sen um Evu Ollikainen. MYND/AÐSEND

## Jónas Sen gerir upp tónlistarárið

# Mikill er máttur tónlistarinnar

Óperusöngkona gengur fram á sviðið. Hún er stór og mikil, í gullslegnum kjól. Hljómsveitin spilar á fullu og söngkonan dregur andann djúpt. Tónarnir sem hún syngur eru brjálæðislega sterkir. Á háa C-inu brotna kampavínsglös tónleikagesta og sprungur koma í gleraugun. Risavaxin kristalsljósakrónan splundrast og glerbrotum rignir yfir alla.

Líklega hefur enginn séð þetta gerast í alvörunni. Ekki var þó langt frá einmitt því á tónleikum Ólafs Kjartans Sigurðarsonar barítons. Þeir voru í Hörpu í mars á árinu sem er að líða, nánar tiltekið þann nítjánda. Wagner var í öndvegi á dagskránni. Hápunkturinn á tónleikunum var þegar Ólafur brá sér í gervi Óðins. Það var í atriði í hinum mikla fjórleik Niflungahringnum, er Óðinn refsar dóttur sinni fyrir eitthvað ægilegt. Hann sviptir hana guðdóminum og lætur hana falla í dvala á miðjum fjallstindi. Því næst bankar hann í fjallið. Við það kviknar vafurlogi sem aðeins sönn hetja getur komist í gegnum.

Í flutningnum á tónleikunum var ljósinu á veggjum Norðurljósasalarins breytt í rautt þegar Ólafur tók að syngja um vafurlogann. Það var áhrifaríkt, eins og maður væri umluktur eldi. Svo undarlega vildi til að á akkúrat því augnabliki byrjaði að gjósa í Fagradalsfjalli. Það er sko kristalsljósakróna og gott betur.

**Innblásin Ollikainen**

Wagner kom líka við sögu hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands í vor. Þá stjórnaði Eva Ollikainen, sem er aðalhljómsveitarstjórinn. Segjast verður eins og er að við erum heppin að hafa hana. Hún hefur sýnt það aftur og aftur að hún býr yfir sérlega næmri tilfinningu fyrir listrænu inntaki mismunandi tónsmíða. Svo kann hún að miðla þessum anda af sannfæringarkrafti. Hún er óvanalega innblásinn hljómsveitarstjóri. Hápunktarnir í Wagner voru svo yfirgengilegir að það var engu líkt.

Tónleikarnir með níundu sinfóníu Beethovens í haust, þar sem Ollikainen stjórnaði, voru einnig flottir. Kórar og einsöngvarar voru með sitt á hreinu. Samt var það hitt verkið á dagskránni sem stal senunni. Það var harmóníkukonsert eftir Sofiu Gubaidulinu, með Geir Draugsvoll í einleikshlutverkinu. Tilþrifin hjá einleikaranum voru slík að það var eins og heil hljómsveit væri að spila. Nútímatónlist er ekki alltaf leiðinleg, síður en svo.

**Sterkur sinfónískur dans**

Og samt var það þannig að einu sinni í Lundúnum var verið að flytja tríó eftir Anton Webern, sem þá var nýsamið. Í miðjum flutningnum varð sellóleikarinn skyndilega brjálaður. Hann hætti að spila, stökk á fætur og æpti: „Ég þoli þetta ekki lengur!“ Atvikið vakti mikla athygli. Það varð að heitum umræðum á opinberum vettvangi um rétt flytjenda til að ritskoða nýja tónlist og hafna að vild.

Ósennilegt er að nokkur sellóleikari hafi hugsað svona í sinfóníska

> Þar sem árið 1936 hefur liðið án nokkurra fullnægjandi framfara í listgagnrýni, þá banna ég hér með iðkun listgagnrýni eins og hún hefur verið stunduð hingað til.

dansverkinu Aion eftir Önnu Þorvaldsdóttur og Ernu Ómarsdóttur í október. Tónlistin, sem leikin var af Sinfóníuhljómsveit Íslands, var myrk og lokkandi. Dansinn var í höndum átta dansara úr Íslenska dansflokknum. Hann byrjaði feimnislega. Síðan varð hann æ meira lifandi og umbreyttist á endanum í einhvers konar orgíu náttúrukrafta. Hljómsveitin sogaðist líka smám saman inn í dansinn, sem og hljóðfærin sjálf. Þetta kvöld var fullt tungl, sem var svo sannarlega viðeigandi.

**Helvítis gagnrýnandinn**

Einhver tunglsýki greip einnig um sig á Facebook á tímabili. Hörundsárir söngvarar titruðu mjög þegar undirritaður skrifaði um nýstárlega útgáfu óperunnar Fidelio eftir Beethoven. Hún var flutt í Norðurljósum í Hörpu í haust. Hljóðfæraleikurinn í Fidelio á að vera í höndum heillar sinfóníuhljómsveitar, en hér var hún aðeins flutt af sjö hljóðfæraleikurum. Útkoman var óttalega rýr. Leikgerðin var auk þess afleit. Heilmiklu var sleppt úr upprunalegri útgáfu óperunnar og reynt að breiða yfir það með ódýrum bröndurum.

Að mati einhverra óperusöngvara mátti bara alls ekki benda á þetta; það átti að þagga niður í þeim sem voru með „rangar“ skoðanir. Og helst reka þá úr starfi.

Upp kemur í hugann þegar Josef Göbbels, áróðursmeistari Þriðja ríkisins í Þýskalandi, gaf út yfirlýsingu um listgagnrýni: „Þar sem árið 1936 hefur liðið án nokkurra fullnægjandi framfara í listgagnrýni, þá banna ég hér með iðkun listgagnrýni eins og hún hefur verið stunduð hingað til. Héðan í frá munu fréttir af listum koma í stað listgagnrýni … Listgagnrýnandinn mun nú víkja fyrir menningarritstjóranum … Í framtíðinni verður aðeins þeim menningarritstjórum leyft að fjalla um listir sem nálgast verkefni sitt með hreint hjarta og fullvissu [um réttmæti] þjóðernissósíalismans.“

Viljum við þetta nokkuð?

**Rúsínan í pylsuendanum**

Bestu tónleikar ársins voru með Concertgebouw-hljómsveitinni í nóvember. Það var eins og Súperman hefði stigið niður til jarðar í Hörpu. Tilfinningin var sú sama, að sjá ofurmenni í allri sinni dýrð hnykla vöðvana. Erlendar sinfóníuhljómsveitir eru sjaldheyrðar hér á landi, og því var kærkomið að sjá hana á lifandi tónleikum. Þetta var einfaldlega stórkostlegur listviðburður.

Loks ber að nefna nokkra áhugaverða geisladiska sem komu út með Hauki Guðlaugssyni organista, Víkingi Heiðari Ólafssyni píanóleikara, Unu Sveinbjarnardóttur fiðluleikara, Tinnu Þorsteinsdóttur píanóleikara og fleirum. Þeir voru ánægjulegir áheyrnar.

Í heild var árið sem er að líða ekki slæmt. Covid gerði að verkum að um tíma leit út fyrir að öllu yrði skellt í lás, en það gerðist í rauninni aldrei alveg. Auðvitað er alger viðbjóður að þurfa að vera með grímu á tónleikum, en það verður bara að hafa það. Vonandi verður þeim sleppt fyrr en síðar. Ég þakka lesendum mínum samfylgdina og óska þeim alls hins besta í framtíðinni. ■



JÓLAMYNDIN Í ÁR
ILLUMINATION KYNNIR
SYNGDU
2
REDSHORE
CITY
FRUMSÝND 26. DESEMBER
FORSALA HAFIN
HÁSKÓLA BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
BARA LÚXUS
SMÁRA BÍÓ
SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
ÁLFABAKKI SAMBÍÓIN
KRINGLAN SAMBÍÓIN
BORGAR BÍÓ
ILLUMINATION ENTERTAINMENT
UNIVERSAL



Sýningin nær að spanna feril listamannsins allan. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Fiðlungur þjóðvísunnar

MYNDLIST

**Muggur – Guðmundur Thorsteinsson**
**Listasafn Íslands**

Aðalsteinn Ingólfsson skrifar

Brotalamir á listasögunni frá 2011 voru ekki síst staðfesting þess að tímabært væri fyrir íslensku söfnin að forgangsraða markverðustu myndlistarmönnum okkar frá 19. og 20. öld, þar sem skýrt kæmi fram hverjir þeirra lægju enn óbættir hjá garði og þörfnuðust rannsókna, opinberra kynninga eða jafnvel yfirlitssýninga. Væri því fylgt eftir, mundi slíkt plagg væntanlega fara langt með að slá á þau handahófskenndu vinnubrögð sem hér hafa tíðkast við sögulega upprifjun á myndlist okkar. Um leið yrði til ný þekking á innviðum hennar á umræddu tímabili.

Að því ég best veit hefur enginn slíkur listi yfir afskipta listamenn enn litið dagsins ljós, en væri hann fyrir hendi er næsta víst að nafn Guðmundar Thorsteinssonar, Muggs, væri þar ekki að finna. Til þess er hann einfaldlega of Stórt Nafn í okkar stuttlegu myndlistarsögu, sínálægur í fræðilegri umræðu síðari ára, einkum þar sem fjallað er um íslenskar myndlýsingar, barnabókmenntir og kvikmyndasögu. Þrjú ítarleg rit hafa aukinheldur verið gefin út um myndlist hans, bæklingur Pauls Uttenreiters árið 1930, bók Björns Th. Björnssonar 1960 (endurútgefin 1984) og loks spánný bók/sýningarskrá Kristínar Guðnadóttur. Vönduð skrá um smærri verk Muggs var síðan gerð vegna sýningar í Listasafni Íslands 1992. Þrjár stórar sýningar um listamanninn hafa þegar verið haldnar í safninu; sú fjórða stendur nú yfir í aðalsal safnsins til febrúarloka.

> „Í húmanisma sínum – mannúðarstefnu – er Muggur kannski stærstur íslenskra myndlistarmanna.
>
> Aðalsteinn Ingólfsson

**Sagan af prinsinum góða frá Bíldudal**

Ómaksins vert er að velta fyrir sér sívinsældum Muggs. Vísast eru þeir ófáir sem tengja fyrst og fremst við rómantísku frásögnina af prinsinum góða frá Bíldudal. Sem var alinn upp við allsnægtir, fór um skeið með himinskautum, fann aldrei hina sönnu ást en gekk í staðinn að eiga vinkonu sína. Henni tapaði hann, svo og ríkidæmi og heilsu. Prinsinn dó síðan einn og sárþjáður á heilsuhæli í Danmörku, aðeins þrjátíu og þriggja ára. Ævintýrin verða vart dramatískari – og átakanlegri.

Ef lagt er kalt mat á framvindu myndlistarinnar í landinu frá aldamótum 1900 og fram á miðjan þriðja áratuginn, er ljóst að þar er hlutur Muggs klárlega öllu minni en ívið eldri samtímamanna hans, Þórarins B. Þorlákssonar, Ásgríms Jónssonar, Kjarvals og Jóns Stefánssonar, að minnsta kosti ef landslagsmálverkið er mælikvarðinn. Öll landslagsmálverk Muggs eru að stofni elskuleg tilbrigði um danska 19. aldar myndlist fremur en metnaðarfull viðleitni til sköpunar á séríslenskri landslagshefð. Og kannski áhöld um það hversu mikinn áhuga Muggur hafði á olíumálverki yfirleitt; tilraunir hans til að mála venjuleg portrett, uppstillingar, já og altaristöflur, enda oft og tíðum með ósköpum. Þrátt fyrir góða spretti stendur stóra altaristaflan – og stærsta olíumynd Muggs – töluvert að baki krítar- og kolteikningunum sem hann gerði í aðdraganda hennar. Og fyrst teikningar eru hér nefndar til sögunnar má einnig velta því fyrir sér hvort framlag Ásgríms til íslenskra þjóðsagnamynda sé ekki öllu djúpristara en það sem eftir Mugg liggur.



Tvær rauðklæddar konur frá árinu 1917. MYND/AÐSEND



Kolaburður í Reykjavík, mynd frá 1919.

**Mannúðarstefna myndlistarmanns**

Ekki er ólíklegt að uppvöxtur Muggs við allsnægtir hafi ýtt undir ákveðinn dilettantisma í myndlist hans. Meðan fátækari starfsbræður hans þurftu sýknt og heilagt að sanna sig fyrir alþjóð, sýna að þeir væru verðugir styrkjanna sem Alþingi og einstaklingar veittu þeim, gat Muggur gert það sem honum sýndist, að minnsta kosti fram til þess að útgerðarmaðurinn faðir hans varð gjaldþrota árið 1921. Kannski hittir Björn Th. Björnsson naglann á höfuðið í formála bókar sinnar um Mugg: „Honum verður mest úr því sem lifnar af snöggum hugmyndum og leikur létt í hendi.“

En að einu leyti hefur Muggur algjöra sérstöðu í íslenskri myndlist. Hann er eini íslenski myndlistarmaður sinnar kynslóðar sem sýnir af sér einlægan áhuga á alls konar mannlífi. Sá áhugi birtist ekki í stórbrotnum mannamyndum, helsta álitsauka metnaðarfullra listamanna í þá tíð, heldur í allrahanda myndum sem kalla einungis á nærveru mannsins, jafnvel aðeins til málamynda og uppfyllingar: sveita-og bæjarlífsmyndum, ævintýramyndum og myndum úr skemmtanalífinu og trúarlegum myndum. Birtist þar lifandi sál, maður eða skepna, fer Muggur ævinlega um hana mildum höndum og mjúkum, dregur alla drætti af elskulegri hlýju, getur stundum ekki stillt sig um gáska og jafnvel hótfyndni. Og eins víst að inn í þessar myndir rati líka dágóður skammtur af angurværð. Sárustu tilfinningar virðist Muggur hins vegar opinbera í myndum sem ekki tengjast hversdagslífinu, það er að segja, ævintýra- og þjóðsagnamyndum. Þannig yfirfærir hann depurð sína, eftirsjá og dauðabeyg á tröll, huldusveina og litlar prinsípessur. Í húmanisma sínum – mannúðarstefnu – er Muggur kannski stærstur íslenskra myndlistarmanna.

**Handverk eða listtjáning?**

Sýningin í Listasafninu hefur á sér þekkilegt yfirbragð og nær að spanna feril listamannsins allan, sem má ekki síst þakka þénugri útlitshönnun Helga Más Kristinssonar. Helst er að hagvanir sakni þess að fá ekki sérstök salarkynni undir það sem margir vilja telja helsta aðal listamannsins, „snöggar hugmyndir“ hans: grafík, grafíska hönnun, skissur, drög og fljótaskrift af ýmsu tagi. Þar með hefði sýningin öll orðið fyllri. Bók Kristínar Guðnadóttur er sömuleiðis vönduð, eins og allt sem frá henni kemur, og myndir prýðisvel prentaðar, en efnislega bætir hún litlu við það sem fram kemur í bók Björns Th. Björnssonar. Hvort tveggja safnið og hún nýta sér ekki heldur kjörið tækifæri til að varpa nýju ljósi á feril Muggs, til dæmis á mörkin milli handverks og listtjáningar í verkum hans, og taka afstöðu til nokkurra vísbendinga um áhuga listamannsins á framúrstefnulegri myndlist en hann hefur verið orðaður við til þessa. ■

# Gleðileg jól

Ísafoldarprentsmiðja óskar landsmönnum
öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



ÍSAFOLDAR
PRENTSMIÐJA

Suðurhraun 1 | Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is | isafold@isafold.is

EXTRA
AFGREIÐSLUTÍMI
JÓL
Barónstígur
24 des. Aðfangadagur
Opið til 16:00
25 des. Jóladagur
Opnar 11:00
26 des. Annar í Jólum
Opið 8:00-24:00
Keflavík/Akureyri
24 des. Aðfangadagur
Opið til 16:00
25 des. Jóladagur
Opnar 11:00
26 des. Annar í Jólum
Opið allan sólarhringinn
WWW.EXTRA.IS



# Aðfangadagur jóla

## Hringbraut

**18.30 Heima er bezt - íslenska glíman (e)** Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
**19.00 Kokkarnir okkar** Kokkarnir sem gefa út bækur sóttir heim.
**19.30 Sigvaldi Kaldalóns** Heimildarmynd um líf og list eins rómaðasta tónskálds Íslands.
**20.30 Heima er bezt - íslenska glíman (e)**
**21.00 Kokkarnir okkar (e)**

## RÚV Sjónvarp

**07.40 KrakkaRÚV**
**07.41 Teitur í jólaskapi**
**08.03 Blæja**
**08.10 Logi og Glóð - Brennu-Vargur**
**08.18 Bubbi byggir**
**08.29 Úmísúmí**
**08.52 Kúlugúbbarnir**
**09.15 Kata og Mummi**
**09.36 Snjókarlinn og snjóhundurinn**
**10.00 Mímí og bergdrekinn - Jólasaga**
**10.25 Jóla-Frímó**
**10.45 Sögur snjómannsins**
**11.15 Jóladagatalið. Saga Selmu a**
**11.30 Jóladagatalið. Jólasótt**
**11.55 Klukkur um jól**
**12.50 Aðstoðarmenn jólasveinanna** Gleðileg jól
**13.00 Fréttir**
**13.20 Veður**
**13.25 Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands**
**14.30 KrakkaRÚV**
**14.31 Jóladagatalið. Saga Selmu**
**14.44 Jóladagatalið. Jólasótt**
**15.17 Hvolpasveitin**
**15.39 Hrúturinn Hreinn. Björgun Teits**
**16.09 Snjókarlinn** Gullfalleg teiknimynd án orða um snjókarl sem lifnar við og hrífur vin sinn með sér á vit ævintýra. Saman ferðast þeir til norðurpólsins þar sem þeir hitta fyrir sjálfan jólasveininn.
**16.35 Karsten og Petra halda jól** Jólin eru á næsta leiti og vinirnir Karsten og Petra eru full eftirvæntingar. En þegar afi Petru tilkynnir að hann eyði ekki jólunum með fjölskyldunni þetta árið þar sem hann ætli í bústað með kærustu sinni, leggja Karsten og Petra á ráðin, staðráðin í að fá afa hennar til að snúast hugur.
**17.55 Útvarpsmessa**
**18.55 Nóttin var sú ágæt ein** Helgi Skúlason les kvæðið og Sigríður Ella Magnúsdóttir syngur ásamt kór Öldutúnsskóla. Upptaka frá 1986.
**19.10 Jane Eyre**
**21.05 Jólasveifla í Fríkirkjunni við Tjörnina**
**22.00 Helgistund biskups Íslands** Helgistund kirkjunnar í Garðakirkju á Álftanesi. Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, predikar.
**23.00 Þetta er dásamlegt líf It's A Wonderful Life**
**01.05 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

**09.00 The PLAYERS Championship** Útsending frá The Players Championship á PGA mótaröðinni 2021.
**14.15 The PLAYERS Championship**
**19.45 Aramco Team Series - New York** Útsending frá Aramco Team Series - New York á LET Tour mótaröðinni 2021.

## Sjónvarp Símans

**08.00 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu (1.24)**
**08.05 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu (2.24)**
**08.10 Villti folinn - ísl. tal**
**09.35 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu (3.24)**
**09.40 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu (4.24)**
**09.45 Bubbi byggir - ísl. tal**
**10.45 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu (5.24)**
**10.50 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu (6.24)**
**10.55 Loksins heim - ísl. tal**
**12.25 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu (7.24)**
**12.30 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu (8.24)**
**12.35 Hneturánið 2 - ísl. tal**
**14.00 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu (9.24)**
**14.05 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu (10.24)**
**14.10 Undragarðurinn - ísl. tal**
**15.35 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu (11.24)**
**15.40 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu (12.24)**
**15.45 Benedikt búálfur**
**17.30 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu (24.24)**
**17.35 Fjársjóðsflakkarar (47.52)**
**17.45 Fjársjóðsflakkarar (48.52)**
**18.00 Jólatónlist**
**19.00 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu (24.24)**
**19.05 Planes, Trains and Automobiles**
**20.40 Scrooged**
**22.20 Trading Places**
**00.20 The Hobbit. An Unexpected Journey**
**03.00 Are You Here**

## RÚV Rás eitt

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Í ljósi sögunnar**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Óskastundin**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**13.00 Dánarfregnir**
**13.02 Jólin - Með okkar augum**
**14.00 Ef þú giftist** (1 af 4)
**15.00 Guðspjallamaður að vestan** (1 af 4)
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Stærðar föt, flibbahnappar og snarkandi vínill**
**17.00 Húmar að jólum**
**17.45 HLÉ**
**18.00 Aftansöngur í Dómkirkjunni í Reykjavík**
**19.00 Jólatónleikar Útvarpsins**
**20.00 Jólavaka Útvarpsins**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Jólaþátturinn úr óratoríunni Messías**
**23.14 Jól á slóðum Jesú**

## Stöð 2 Bíó

**11.10 Austin Powers, the Spy Who Shagged Me**
**12.40 Mamma Mia**
**14.30 The Christmas Train**
**16.05 Austin Powers, the Spy Who Shagged Me**
**17.35 Mamma Mia**
**19.20 The Christmas Train**
**21.00 Jumanji. The Next Level**
**22.55 Downton Abbey**
**00.55 Last Knights**
**02.50 Jumanji. The Next Level**

## Stöð 2

**08.00 Jólasveinarnir**
**08.10 Brot af því besta með Skoppu og Skrítlu**
**09.05 Spýtukarl**
**09.35 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**09.55 Bubbi byggir - jólin koma**
**10.45 Snæfríður Snara bjargar jólunum**
**11.56 Veður**
**12.00 Fréttir Stöðvar 2**
**12.10 Jóladagatal Árna í Árdal**
**12.20 Beethoven's Christmas Adventure** Skemmtileg og spennandi mynd um hundinn Beethoven og félaga hans.
**13.55 A Welcome Home Christmas**
**15.15 A Nutcracker Christmas**
**16.50 The Great Christmas Light Fight**
**17.30 Miracle on 34th Street** Falleg kvikmynd um Susan Walker, sex ára hnátu, sem hefur sínar efasemdir um jólasveininn.
**19.25 The Polar Express**
**21.00 Green Book** Margverðlaunuð og áhrifarík mynd frá 2018 um sanna vináttu með Viggo Mortensen og Mahershala Ali í aðalhlutverkum.
**23.10 Bridget Jones's Baby**
**01.10 Charlie's Angels** Gamansöm spennumynd frá 2019. Sabina Wilson, Elena Houghlin og Jane Kano vinna fyrir hinn dularfulla Charles Townsend, en öryggis- og spæjarastarfsemi hans hefur nú náð alheimsútbreiðslu. Hann ræður til sín klárustu, hugrökkustu, og best þjálfuðu konur um allan heim, og teymi af englum, undir stjórn Stjórn Bosley, vinnur hættuleg verkefni á alþjóðavettvangi.
**03.05 A Welcome Home Christmas**
**04.30 Bold and the Beautiful**
**05.35 Bold and the Beautiful**

## Stöð 2 Sport

**08.00 Jólamót Stöðvar 2 Sport í Pílu**
**09.40 Jólamót Stöðvar 2 Sport í Pílu**
**11.35 Breiðablik - Þróttur R.** Útsending frá leik í úrslitum Mjólkurbikars kvenna.
**13.40 Úrslitaleikur. ÍA - Víkingur R.** Útsending frá úrslitaleiknum í Mjólkurbikar karla.
**15.50 Breiðablik - HK** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**17.35 Víkingur R. - Leiknir R.**
**19.40 Pepsi Max Stúkan - Uppgjör**
**22.30 Annáll. Sportið í ár - Innlent 2020**
**23.45 Annáll. Sportið í ár - Erlent 2020**

## Stöð 2 Sport 2

**05.55 Kansas City Chiefs - Cleveland Browns**
**08.15 LA Rams - Tampa Bay Buccaneers**
**10.35 New England Patriots - Dallas Cowboys**
**13.15 NFL Gameday**
**13.45 Uppgjörsþáttur Undankeppni HM 2022**
**14.30 Valencia Basket - Obradoiro**
**16.05 Pistons - Rockets**
**18.00 Bulls - Lakers**
**20.20 The Fifth Quarter**
**20.35 New Orleans Saints - Tampa Bay Buccaneers**
**23.00 Baltimore Ravens - Minnesota Vikings**


LEIKSTJÓRI BALDVIN Z
25. DESEMBER
SVÖRTU SANDAR
SANNLEIKURINN ER NÆR EN ÞÚ HELDUR
GLASSRIVER
netgíró
Tryggðu þér áskrift I stod2.is
ICELANDAIR




LOKAÞÁTTUR

Við fáum innsýn í síðustu mánuðina hjá þeim Kára Árna og Sölva Geir á knattspyrnuferli þeirra ásamt því að fylgja þeim eftir á ótrúlegum lokasprett Víkinga í sumar.

Stöð 2 Sport - laugardag
Stöð 2 - sunnudag

SPORT

Tryggðu þér áskrift á **stod2.is**




# Jóladagur

## Hringbraut

**18.30 Kaupmaðurinn á horninu - Frank Michelsen (e)** Þáttaröð um sögu og sérstöðu kaupmennskunnar á Íslandi.
**19.00 Saman og saman** Stuttmynd með Sunnu Borg og Sögu Jónsdóttur.
**19.30 Jónas frá Hriflu frumsýning** Sögustund á Þingvöllum.
**20.30 Kaupmaðurinn á horninu - Frank Michelsen (e)**
**21.00 Saman og saman (e)** Stuttmynd með Sunnu Borg og Sögu Jónsdóttur.

## RÚV Sjónvarp

**08.00 KrakkaRÚV**
**08.01 Poppý kisukló**
**08.12 Bubbi byggir**
**08.23 Hæ Sámur**
**08.30 Sara og Önd**
**08.37 Unnar og vinur**
**09.00 Grettir**
**09.13 Konráð og Baldur**
**09.26 Robbi og Skrímsli**
**09.48 Sammi brunavörður**
**10.00 Jóladagatalið. Saga Selmu**
**10.15 Jóladagatalið. Jólasótt**
**10.50 Jón hnappur og Lúkas eimreiðarstjóri** Ævintýramynd fyrir alla fjölskylduna um munaðarleysingjann Jón hnapp og eimreiðarstjórann Lúkas sem leggja af stað í ævintýralega ferð til að bjarga prinsessu sem haldið er fanginni í Drekaborg og reyna í leiðinni að komast að uppruna Jóns hnapps. Myndin er talsett á íslensku.
**12.40 Jólin koma** Diddú og Ragnheiður Gröndal.
**13.00 Hátíðarmessa biskups Íslands á jóladag** Hátíðarmessa í Langholtskirkju í Reykjavík. Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, prédikar, Guðbjörg Jóhannesdóttir sóknarprestur þjónar.
**13.50 Tarsan**
**15.20 Hneturánið**
**16.50 Hugo**
**18.52 Lottó**
**19.00 Fréttir** Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, árið um kring.
**19.20 Veður**
**19.30 Jólastundin með Ragnhildi Steinunni og Sveppa** Jólaþáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem Ragnhildur Steinunn og Sveppi bjóða þjóðinni í heimsins skemmtilegasta jólaboð.
**20.30 Ungdómsár Astridar Unga Astrid** Ævisöguleg kvikmynd frá 2018 um ungdómsár sænska barnabókahöfundarins Astrid Lindgren.
**22.30 Lion Ljón - Langur vegur heim**
**00.25 The Shack Skúrinn**
**02.35 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

**09.00 Creekhouse Ladies Open** Útsending frá Creekhouse Ladies Open á LET Tour mótaröðinni 2021.
**11.55 Creekhouse Ladies Open - Highlights frá degi 1**
**12.20 Creekhouse Ladies Open**
**15.20 Creekhouse Ladies Open - Highlights frá degi 2**
**15.45 Aramco Team Series - Jeddah**
**20.25 Gran Canaria Lopesan Open** Útsending frá Gran Canaria Lopesan Open.

## Sjónvarp Símans

**08.00 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu (13.24 og 14.24)**
**08.10 Úlfhundurinn - ísl. tal**
**09.35 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu (15.24 og 16.24)**
**09.45 Ævintýri herra Píbodýs og Sérmanns - ísl. tal**
**11.15 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu (17.24 og 18.24)**
**11.25 Björgum sveinka - ísl. tal**
**12.45 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu (19.24 og 20.24)**
**12.55 The Croods - ísl. tal**
**14.30 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu (21.24 og 22.24)**
**14.40 Dora and the Lost City of Gold - ísl. tal**
**16.25 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu (23.24 og 24.24)**
**16.35 Jólastuð Samma**
**17.45 Eivör - Jólatónleikar**
**19.10 Dóttir jólasveinsins - ísl. tal**
**20.45 Dýrið**
**22.35 Gemini Man**
**03.15 Mr. Right**
**04.50 Tónlist**

## RÚV Rás eitt

**08.00 Klukknahringing**
**08.10 Tónlist að morgni Jóladags**
**09.05 Trýnaveður**
**10.00 Fréttir**
**10.05 Veðurfregnir**
**10.15 Fjallið það öskrar** (1 af 3)
**11.00 Guðsþjónusta í Langholtskirkju**
**12.00 Hádegisútvarp**
**12.05 Jólalag Ríkisútvarpsins**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Hugi og Hafliði**
**13.00 Skurðir í náttúru Íslands**
**14.00 Ef þú giftist** (2 af 4)
**15.00 Guðspjallamaður að vestan** (2 af 4)
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Hver var Sonja de Zorrilla?** (1 af 4)
**17.00 Jól með H.C. Andersen**
**18.00 Kvöldfréttir**
**18.10 Veðurfregnir**
**18.13 Dánarfregnir**
**18.15 Jólaóratorían eftir Johann Sebastian Bach**
**20.30 Áður fyrr á árunum Dýrð sé guði í uppsveitum.**
**21.20 Þorlákur helgi** Svo vítt um heim sem sólin fer.
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Sögur af mönnum, siðum og siðrofi**
**23.10 Drýgstur er styrkur strá**

## Stöð 2 Bíó

**10.35 Parenthood**
**12.35 The Spruces and the Pines**
**14.00 The Man Who Invented Christmas** Heillandi mynd þar sem við fáum að skyggnast í hugarheim sjálfs Charles Dickens.
**15.45 Parenthood**
**17.45 The Spruces and the Pines**
**19.10 The Man Who Invented Christmas**
**21.00 The Twilight Saga. Breaking Dawn Part 1**
**22.50 The Gentlemen**
**00.40 Braven** Jason Mamoa fer með aðalhlutverkið í þessari hörkuspennandi hasarmynd frá 2018. Þegar skógarhöggsmaðurinn Joe og faðir hans koma í afskekktan bústað fjölskyldunnar þar sem þeir ætluðu að eyða rólegum tíma saman, finna þeir heilan helling af dópi sem búið er að koma þar fyrir.
**02.15 The Twilight Saga. Breaking Dawn Part 1**

## Stöð 2

**08.00 Barnaefni**
**11.05 The Secret Garden**
**12.45 Charlie and the Chocolate Factory**
**14.35 The NeverEnding Story**
**16.10 Snowmance**
**17.25 Friends**
**17.50 Blindur jólabakstur**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.40 Elli litla hreindýrið**
**20.05 Saumaklúbburinn** Fimm konur á besta aldri skella sér saman í bústað til að hafa það reglulega gott og slaka á - frjálsar frá sífelldu amstri hversdagsins. Undir huggulegu yfirborðinu leynast þó gamlar syndir.
**21.25 Svörtu sandar** Aníta, þrítug lögreglukona, neyðist aftur á æskuslóðirnar sem hún flúði fyrir 14 árum. Uppgjör við móður hennar er óumflýjanlegt en líkfundur af ungri konu kollvarpar öllu. Aníta sogast niður dimman hyl fortíðar í leit að mögulegum fjöldamorðingja og uppgjörið breytist í martröð.
**22.15 Emma**
**00.20 Deadpool**
**02.05 The NeverEnding Story**
**03.40 Friends**
**04.00 Friends**
**04.25 Nágrannar**

## Stöð 2 Sport

**06.10 1. úrslitaleikur. Keflavík - Þór Þ.** Útsending frá fyrsta úrslitaleik í Dominos deild karla 2020/2021.
**07.45 2. úrslitaleikur. Þór Þ. - Keflavík**
**09.30 3. úrslitaleikur. Keflavík - Þór. Þ**
**11.00 4. úrslitaleikur. Þór Þ. - Keflavík**
**12.55 Foringjarnir - Jón Rúnar Halldórsson**
**13.40 Foringjarnir - Börkur Edvardsson**
**14.30 Foringjarnir - Þorgeir Haraldsson**
**15.15 Foringjarnir - Kristinn Kjærnested**
**15.55 Foringjarnir - Jónas Þórhallsson**
**16.45 Foringjarnir - Böðvar Guðjónsson**
**17.40 Víkingar. Fullkominn endir allir 4. þættirnir**
**20.50 Jólamót Stöðvar 2 Sports**
**21.50 Íslandsmót félagsliða í pílukasti**
**23.30 Subway Körfuboltakvöld**
**00.35 Víkingar. Fullkominn endir**
**01.20 Jólamót Stöðvar 2 Sports**

## Stöð 2 Sport 2

**07.30 Lincoln Red Imps - FC Kaupmannahöfn**
**09.10 Fréttaþáttur Evrópudeildarinnar**
**10.00 Liverpool - Leicester**
**11.40 Ensku deildabikarmörkin**
**12.05 Minnesota Vikings - Green Bay Packers**
**14.20 NFL Hard Knocks. Dallas Cowboys**
**15.10 NFL Hard Knocks. Dallas Cowboys**
**16.05 NFL Hard Knocks. Dallas Cowboys**
**17.00 NFL Hard Knocks. Dallas Cowboys**
**17.50 NFL Hard Knocks. Dallas Cowboys**
**18.40 Dallas Cowboys - Las Vegas Raiders**
**22.00 Suns - Warriors** Bein útsending frá leik í NBA.
**00.05 Milwaukee Bucks - Phoenix Suns**

# 960.000 KR VSK
# VERÐHÆKKUN UM ÁRAMÓT*

**ALVÖRU JEPPI – ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF**

**5** ÁRA ÁBYRGÐ | **8** 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLÖÐU | PLUG-IN HYBRID




**JEEP COMPASS LIMITED** TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI 6.999.000 KR.



**JEEP RENEGADE TRAILHAWK** TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI 6.199.000 KR.

***Verð á Compass og Renegade hækkar um 480.000-960.000 um áramótin, vegna VSK hækkana.**
**Nánari útskýringar fást hjá sölumönnum.**

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6
270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS
OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep 4xe

# Annar í jólum

## Hringbraut

**18.30 Fréttaárið 2021** Farið yfir helstu fréttir ársins sem er að líða.
**19.30 Heima er bezt - Örn Árnason (e)** Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
**20.00 Vatnaleiðin** Gönguferð á Snæfellsnesið.
**20.30 Fréttaárið 2021** Farið yfir helstu fréttir ársins sem er að líða.

## RÚV Sjónvarp

**07.15 KrakkaRÚV**
**07.16 Rán - Rún**
**07.21 Kúlugúbbarnir**
**07.44 Poppý kisukló**
**07.55 Kátur**
**08.07 Stuðboltarnir**
**08.18 Konráð og Baldur**
**08.31 Hvolpasveitin**
**08.54 Skotti og Fló**
**09.01 Múmínálfarnir**
**09.23 Sammi brunavörður**
**09.33 Jólin í Stundarfirði** Saga úr æsku Gloríu.
**10.00 Jólastundin með Ragnhildi Steinunni og Sveppa**
**10.55 Snækóngulóin**
**11.25 Ugluvinir**
**12.50 Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands**
**13.55 Afinn**
**15.35 Jól í lífi þjóðar** Heimildarmynd um jólahald Íslendinga. Fyrir síðustu jól bauð RÚV öllum sem vildu að senda inn myndefni af sínum jólum, undirbúningi og hátíðarhöldum. Fjöldi fólks tók þátt og úr varð einlæg svipmynd af jólahaldi þjóðarinnar.
**16.20 Jólasveifla í Fríkirkjunni við Tjörnina**
**17.20 Vefur Karlottu**
**19.00 Fréttir**
**19.20 Veður**
**19.30 Jólalandinn**
**20.05 Hálfur Álfur**
**21.15 Verbúðin** (1 af 8)Jón Hjaltalín, bæjarstjóri í smábæ á Vesturlandi, og Torfi, bróðir hans, áforma að kaupa gamlan togara og hefja útgerð. Þegar bankamenn frá Reykjavík mæta á svæðið til að ganga frá samningnum kemur þó babb í bátinn.
**22.10 Bergmál**
**23.30 Hross í oss** Margverðlaunuð íslensk kvikmynd. Átakanleg sveitarómantík þar sem varpað er ljósi á hið mennska í hrossinu og hrossið í manninum. Leikstjóri: Benedikt Erlingsson. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.45 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

**09.00 Aramco Team Series - Sotogrande**
**13.30 Made in Himmerland**
**17.50 Scandinavian Mixed** Útsending frá Scandinavian Mixed á Evrópumótaröðinni.
**22.10 Costa del Sol Open**

## Sjónvarp Símans

**08.00 Fjársjóðsflakkarar (49.52)**
**08.10 Hvíti kóalabjörninn - ísl. tal**
**09.35 Fjársjóðsflakkarar (50.52)**
**09.50 Ótrúleg saga um risastóra peru - ísl. tal**
**11.05 Fjársjóðsflakkarar (51.52)**
**11.15 Leynilíf gæludýra - ísl. tal**
**12.40 Fjársjóðsflakkarar (52.52)**
**12.50 Stubbur stjóri - ísl. tal**
**14.30 Tottenham - Crystal Palace** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.30 Young Rock**
**17.55 Jólagestir Björgvins 2019**
**19.45 Birta**
**21.15 Jack Reacher. Never Go Back**
**23.10 The Talented Mr. Ripley**
**01.25 The Hobbit. The Battle of the Five Armies**
**03.45 Tónlist**

## RÚV Rás eitt

**06.55 Morgunbæn og orð dagsins**
**07.00 Fréttir**
**07.03 Fjöldi himneskra hersveita**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.05 Tónlist að morgni annars í jólum**
**09.00 Fréttir**
**09.03 Blessað veri ljósið**
**10.00 Fréttir**
**10.05 Veðurfregnir**
**10.15 Fjallið það öskrar** (2 af 3)
**11.00 Guðsþjónusta í Hveragerðiskirkju**
**12.00 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**13.00 Útvarpsleikhúsið. Einsömul mannsrödd**
**14.00 Ef þú giftist** (3 af 4)
**15.00 Guðspjallamaður að vestan** (3 af 4)
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Hver var Sonja de Zorrilla?** (2 af 4)
**17.00 Eivør**
**18.00 Kvöldfréttir**
**18.10 Hátíð ljóss og hita**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**18.55 Stærðar föt, flibbahnappar og snarkandi vínill**
**19.49 Við kertaljós**
**20.34 Tendrum senn á trénu bjarta**
**21.20 Þorlákur helgi** Sé ek eld yfir þér
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Þýskt jólahald að fornu og nýju**
**23.10 Frjálsar hendur**

## Stöð 2 Bíó

**10.10 Bridget Jones's Diary**
**11.45 The Polar Express**
**13.20 The Holiday**
**15.35 Bridget Jones's Diary**
**17.10 The Polar Express**
**18.45 The Holiday**
**21.00 The Twilight Saga. Breaking Dawn Part 2**
**22.50 The Big Lebowski**
**00.45 1917**
**02.40 The Twilight Saga. Breaking Dawn Part 2**

## Stöð 2

**08.00 Barnaefni**
**11.45 Johnny English** Grínhasarmynd frá 2003 með hinum óborganlega Rowan Atkinson í aðalhlutverki ásamt fleiri stórgóðum leikurum.
**13.15 The Upside**
**15.20 Britt-Marie Was Here**
**16.55 A Heavenly Christmas** Kristin Davis, Eric McCormack og Shirley MacLaine fara með aðalhlutverk í þessari rómantísku jólamynd.
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.40 Tröll 2. Tónleikaferðin** Frábær, talsett teiknimynd frá 2020.
**20.05 Víkingar. Fullkominn endir**
**20.55 Svörtu sandar** Aníta, þrítug lögreglukona, neyðist til að fara aftur á æskuslóðirnar sem hún flúði fyrir 14 árum. Uppgjör við móður hennar er óumflýjanlegt en líkfundur kollvarpar öllu.
**21.45 Wonder Woman 1984**
**00.15 Temple**
**01.00 The Blacklist**
**01.40 Tin Star. Liverpool**
**02.30 Simpson-fjölskyldan**
**02.55 A Heavenly Christmas**

## Stöð 2 Sport

**08.10 Jólamót Stöðvar 2 Sports í pílukasti**
**09.10 1. úrslitarleikur. KA/Þór - Valur** Útsending frá fyrsta úrslitaleik í Olís deild kvenna.
**10.30 2. úrslitarleikur. Valur - KA/Þór**
**12.05 1. úrslitaleikur. Valur - Haukar** Útsending frá fyrsta úrslitaleik í Olís deild karla.
**13.40 2. úrslitaleikur. Haukar - Valur**
**15.05 Seinni bylgjan Extra**
**15.20 Víkingar. Fullkominn endir**
**16.05 Lindex mótið**
**16.45 Orkumótið**
**17.25 Norðurálsmótið**
**18.15 N1 mótið**
**18.55 Jólamót Stöðvar 2 Sports í pílukasti**
**20.00 Jólamót Stöðvar 2 Sports**
**21.00 1. úrslitaleikur. Valur - Haukar**
**22.30 2. úrslitaleikur. Haukar - Valur**
**23.55 3. úrslitaleikur. Valur - Haukar**

## Stöð 2 Sport 2

**06.30 Spánn - Frakkland**
**08.10 Þjóðadeildin 2021**
**09.00 Úrslit. Villarreal - Manchester United**
**11.35 Lokasóknin**
**12.40 Manchester City - Chelsea**
**14.25 Football League Show**
**14.55 Barnsley - Stoke** Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
**16.55 The Fifth Quarter**
**17.10 NFL Gameday**
**17.35 NFL Extra**
**18.00 Patriots - Bills** Bein útsending frá leik.
**21.20 Chiefs - Steelers** Bein útsending.
**01.05 Suns - Warriors**

# Mánudagur

## Hringbraut

**18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**19.00 Undir yfirborðið (e)** Ásdís Olsen fjallar hispurslaus um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni.
**19.30 Heima er bezt (e)** Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
**20.00 Stjórnandinn með Jóni G. (e)** Viðtalsþáttur við stjórnendur og frumkvöðla í íslensku samfélagi.
**20.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**21.00 Undir yfirborðið**

## RÚV Sjónvarp

**08.00 KrakkaRÚV**
**08.01 Refurinn Pablo**
**08.06 Tölukubbar**
**08.11 Sögur snjómannsins**
**08.19 Poppý kisukló**
**08.30 Rán - Rún**
**08.35 Sammi brunavörður**
**08.45 Skotti og Fló**
**08.52 Blæja**
**08.59 Konráð og Baldur**
**09.12 Múmínálfarnir**
**09.34 Eldhugar**
**09.38 Hvolpasveitin**
**10.00 Loforð**
**10.25 Snækóngulóin**
**10.55 Ævar vísindamaður** Umhverfið
**11.20 Endurfundir í náttúrunni**
**12.05 Á sama báti**
**12.45 Vesturfarar** (6 af 10)
**13.20 Heimaleikfimi**
**13.30 Menningin - samantekt**
**14.00 Kiljan**
**14.50 Innlit til arkitekta**
**15.20 Veisla í farangrinum** Lundúnir.
**15.50 Mozart á miðnætti**
**16.35 Svona á að borða steikta orma**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.08 Litli Malabar**
**18.12 Poppý kisukló**
**18.23 Lestrarhvutti**
**18.30 Blæja**
**18.37 Nellý og Nóra**
**18.45 Jólamolar KrakkaRÚV**
**18.50 Lag dagsins**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningarannállinn**
**20.25 Vegferð Attenboroughs Attenborough's Journey**
**21.20 Undir halastjörnu** Íslensk spennumynd frá 2018 sem byggð er á „líkfundarmálinu" svokallaða í Neskaupstað árið 2004.
**23.05 Sníkjudýr Parasite**
**01.10 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

**08.30 Genesis Invitational** Útsending frá Genesis Invitational á PGA mótaröðinni.
**14.20 Genesis Invitational**
**15.15 Diamond Resorts Tournament of Champions**
**18.45 Hero World Challenge**
**23.45 Hero World Challenge**

## Sjónvarp Símans

**08.00 Kapteinn SköguItönn og töfrademanturinn - ísl. tal**
**09.25 Furðufuglar - ísl. tal**
**10.50 Lási löggubíll kemst á sporið - ísl. tal**
**12.30 Christmas at Grand Valley**
**13.55 Pride, Prejudice and Mistletoe**
**15.35 Overboard**
**17.20 GusGus í Hörpu**
**19.00 The Unicorn**
**19.30 Superstore**
**20.00 About a Boy**
**21.40 A Bad Moms Christmas**
**23.20 Mission. Impossible**
**01.10 American Made**
**03.00 Tónlist**

## RÚV Rás eitt

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.05 Veðurfregnir**
**10.13 Fjallið það öskrar** (3 af 3)
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.03 Hádegið**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.42 Hádegið**
**13.00 Dánarfregnir**
**13.02 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Ef þú giftist** (4 af 4)
**15.00 Fréttir**
**15.03 Guðspjallamaður að vestan** (4 af 4)
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Hver var Sonja de Zorrilla?** (3 af 4)
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Hvít jól. Pabba er alvara**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Jólatónleikar frá Lettlandi**
**19.55 Bók vikunnar** Ævisaga Jakobínu
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.40 Kvöldsagan. Í verum, seinna bindi** (28 af 32)
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**

## Stöð 2 Bíó

**11.40 Red Dog. True Blue**
**13.05 Road to Christmas**
**14.30 Finding Your Feet**
**16.20 Red Dog. True Blue**
**17.45 Road to Christmas**
**19.10 Finding Your Feet**
**21.00 Madame**
**22.25 A Simple Favor**
**00.20 A Vigilante** Hörkuspennandi mynd frá 2018. Eiginmaður Sadie er ofbeldismaður og þegar hún loksins losnar undan oki hans ákveður hún aðstoða aðra sem eru fastir í svipuðum aðstæðum og hún var.
**01.50 Madame**

## Stöð 2

**08.00 Heimsókn**
**08.15 The Mentalist**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Landnemarnir**
**10.05 MasterChef Junior**
**10.45 Um land allt**
**11.25 Víkingar. Fullkominn endir**
**12.15 Friends**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 The Great British Bake Off. Christmas Special 2020**
**13.55 Eldhúsið hans Eyþórs**
**14.15 First Dates**
**15.00 Fantasy Island**
**15.45 Insecure**
**16.15 The Goldbergs**
**16.40 Masterchef USA**
**17.25 Bold and the Beautiful**
**17.50 Nágrannar**
**18.20 Annáll 2021**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Jamie and Jimmy's Festive Feast**
**19.55 Fantasy Island**
**20.40 Home Economics**
**21.05 Temple**
**21.50 Anne Boleyn**
**22.40 60 Minutes**
**23.30 S.W.A.T.** Hörkuspennandi þættir sem fjalla um liðsforingjann Daniel Harrelson sem er í sérsveit lögreglunnar í Los Angeles.
**00.10 Legends of Tomorrow**
**00.50 The Mentalist**
**01.30 Friends**

## Stöð 2 Sport

**07.05 Grótta - FH** Útsending frá leik í Olís deild karla.
**08.30 ÍBV - Stjarnan**
**09.55 Seinni bylgjan**
**11.15 Jólamót Stöðvar 2 Sports í pílukasti**
**12.15 Breiðablik - Valur** Útsending frá leik í Subway deild karla.
**13.55 KR - Þór Ak.**
**15.35 Tilþrifin**
**16.20 Grindavík - Keflavík**
**18.00 Subway Körfuboltakvöld**
**19.05 Þór Þ. - Grindavík** Bein útsending frá leik í Subway deild karla.
**21.05 Víkingar. Fullkominn endir**
**21.50 Jólamót Stöðvar 2 Sports í pílukasti**
**23.50 Þór Þ. - Grindavík**

## Stöð 2 Sport 2

**07.15 Leipzig - Manchester City**
**08.55 Heat - Magic**
**10.50 Leikur** Útsending frá leik í NFL.
**13.10 Barnsley - Stoke**
**14.55 Derby - West Brom** Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
**16.55 Football League Show**
**17.25 QPR - Bournemouth** Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
**19.25 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar**
**20.20 Joventut Badalona - Real Madrid** Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta.
**22.05 Leikur** Útsending frá leik í NFL.


Stílabók
3+
Maped
GEFÐU GJÖF TIL HEILLA
HEILLAGJAFIR.IS
Barnaheill



Aldís Amah í senu með Þór Túliníus sem leikur löggu, nafna Ragnars, enda persónan kómísk sýn á höfundinn sem þreytta löggu. MYND/JULIETTE ROWLAND

# Ragnar hlustar á blóðið tala

Blóðferlasérfræðingurinn Ragnar Jónsson hefur séð flest og verið ráðgjafi við fjölda glæpaþátta. Hann fetar sig stöðugt lengra eftir refilstigum skáldaðra glæpa og stígur nú fram sem einn handritshöfunda þáttanna Svörtu sanda sem byrja á Stöð 2 á jóladag.

toti@frettabladid.is

„Ég er búinn að horfa á hráklippu af þessum átta þáttum og get bara sagt að fyrsti þátturinn er gjörsamlega magnaður. Ég sat sko með gæsahúð og bara hálf klökkur eftir þann þátt,“ segir Ragnar Jónsson rannsóknarlögregla um glæpaþættina Svörtu sandar þar sem hann stígur fram sem fullskapaður sjónvarpskrimmahöfundur eftir að hafa komið víða við sem tæknilegur ráðgjafi og aukaleikari í íslenskum sakamálaþáttum og myndum.

„Þættirnir líta svo vel út. Áferðin, myndatakan og allir þessir frábæru leikarar. Margir sem við höfum ekki séð áður og sumir sem við höfum ekki séð lengi. Það eru allir að brillera.“

Grunnhugmyndin að Svörtu söndum er runnin undan rifjum Ragnars en serían tók á sig skýrari mynd eftir að meðhöfundar hans, aðalleikkonan Aldís Amah Hamilton og leikstjórinn Baldvin Z, komu að sakamálinu.

„Ég á þessa hugmynd upprunalega og svo förum við Aldís Amah að föndra með hana og hittum svo Badda sem leist bara vel á og langaði að gera glæpaseríu. Við náttúrlega unnum saman í Rétti og vorum alveg málkunnugir og langaði alltaf einhvern veginn að vinna eitthvað meira saman.

Aldís límir þetta svo og tengdi okkur alveg og fær mig til að breyta úr lögreglumanni sem fer út á land í lögreglukonu,“ segir Ragnar um eina af þeim breytingum sem Aldís kom með á grunnhugmyndinni sem hann hafði gengið með í um það bil tvö ár.

„Við ferðumst mikið um allt land í tæknideildinni þannig að maður fór stundum að gæla við hugsanir eins og: Ókei, ef þetta er ekki slys, hvað þá?“

### Hugarfóstrið lifnar við

Ragnar segir aðspurður að slíkur hugsunarháttur þurfi helst að vera rannsóknarlöggum eðlislægur. “

Ragnar hafði eðli málsins, þekkingar sinnar og reynslu, samkvæmt gott auga með tökunum á Svörtu söndum. „Já, já. Það voru líka vissar lögreglusenur þar sem Baldvin bara krafðist þess að hafa mig með sér svo allt væri rétt framkvæmt.

Það var mjög gaman og það var í þessu tökuferli, þegar það voru yfir 100 manns að vinna að hugmynd sem við þrjú hnoðuðum saman, að það sló mig einhvern veginn raunverulega: Vá! Þetta er orðið að veruleika. Og það var pínu sjokk og var nánast mómentið sem ég þurfti að anda í bréfpoka. Það er stærsta og besta gjöfin sem ég gat fengið þetta árið. Þetta var ótrúlegt einhvern veginn að sjá svona hugarfóstrið lifna við,“ segir Ragnar og minnir á að þetta gerðist þegar Covid var búið að setja allt í uppnám.



Ragnar Jónsson hefur séð margt miður fallegt á löngum lögregluferli og getur vel hugsað sér að sinna skálduðum glæpum meira. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Svörtu sandar**

Ung lögreglukona neyðist til að segja upp starfi sínu í Reykjavík og hrekst til starfa á æskuslóðunum úti á landi. Þar flækist líf hennar til muna þegar lík ungrar konu finnst á svæðinu og eltingarleikur við mögulegan raðmorðingja sogar hana ofan í myrkan hyl fortíðar. Líkfundurinn virðist í fyrstu ekki tengjast neinu saknæmu, en þegar vinkona hinnar látnu finnst, hrakin og alblóðug, í kjölfarið tekur rannsókn Anítu, lögreglustjórans Ragnars og þorpslæknisins Salomons aðra stefnu.

### Rétt skal vera rétt

Þegar talið berst að raunveruleikatengingum glæpaskáldskapar í sjónvarpi og kvikmyndum segir Ragnar sem lætur augljósar rangfærslur trufla sig.

„Það eyðileggur oft annars góðar myndir eða þætti þegar þetta er algjörlega út úr kortinu. Áhorfendur eiga eftir að sjá atriði í Svörtum söndum sem þeir hafa aldrei séð í nokkurri einustu seríu eða bíómynd áður. Það er alveg magnað,“ segir hann og rifjar upp skemmtilega uppákomu þessu tengda þegar Baldvin fundaði með All3Media International, sem sér um sölu og dreifingu Svörtu sanda erlendis.

„Þeir þarna úti voru búnir að sjá brot eða lásu þetta í handritinu og sögðu: „Þið getið ekki gert þetta,“ og Baldvin svaraði bara: „Víst. Svona er þetta gert“,“ segir Ragnar og hlær.

„Maður tekur alla þessa reynslu og býr svo til bara gerviheim þar sem maður reynir að hafa rétta hluti rétta,“ segir Ragnar og upplýsir að Svörtu sandar séu í hans huga öðrum þræði virðingarvottur við löggur úti á landi.

„Því það hefur oft verið dregin upp svona frekar neikvæð mynd af þeim. Að þar séu kjánar og vitleysingar. Með fullri virðingu fyrir kollegum mínum í Reykjavík þá er miklu erfiðara að vera lögga úti á landi heldur en í borginni.“

### Ætlar ekki að brenna út

Ragnar neitar því ekki að hann sé kominn á kaf í skáldaða glæpi og ætli sér að skrifa meira slíkt og ýmislegt sé nú þegar í farvatninu hjá honum.

*Endar þetta þá kannski með því að þú hefur ekki tíma til að vera lögga?*

„Þetta er að verða komið 31 ár hjá mér í þessu starfi og þar af tuttugu í tæknideild sem tæknirannsakari, vettvangrannsakari og blóðferlasérfræðingur. Ég er að verða saddur, ef við eigum að orða það pent. Mig langar ekki til að verða gamall útbrunninn kall.“

*Sem er nú samt algeng persóna í glæpasögum. Gamla, útbrunna löggan.*

„Já, það er svolítið Þór Túliníus í Svörtum söndum. Þess vegna heitir hann Ragnar,“ segir hann um nafna sinn, lögreglustjórann í þáttunum. „Hann er skrifaður kómískt eins og ég sæi mig fyrir mér eftir þrjú til fjögur ár í viðbót. Orðinn þannig að þá kemur mér ekkert á óvart.“

### Blóðið talar

Þar sem Ragnar er blóðferlasérfræðingur eins og geðþekki raðmorðinginn Dexter í samnefndum spennuþáttum er nánast ómögulegt annað en að spyrja hann hvort hann tengi við þennan skáldaða kollega.

„Eini munurinn á mér og Dexter er að Dexter drepur fólk en ég leysi úr ummerkjum.“

*Og blóðið segir oft ofboðslega mikið?*

„Það er magnað. Það getur sagt þér hvað gerðist og hvernig það gerðist, svo er líka mjög mikilvægt að það getur sagt manni hvað gerðist ekki.“

*Þannig að þetta er allt heillandi í öllum sínum hryllingi?*

„Akkúrat, heillandi hryllingur eða ljóðrænt ofbeldi er svona það sem maður hefur heyrt og það er áskorunin sem kemur náttúrlega með drifkraftinn til að gera þetta í 30 ár. Að fást við áskoranir, mæta þeim og leysa þær.“ ■

Nánar á frettabladid.is




# Lítið Whamleysi á lokametrunum

toti@frettabladid.is

Lagið Last Christmas felldi sex keppendur Fréttablaðsins í Whamageddon. Guðmundur Steingrímsson datt út fyrstur en Jón Óskar og Kara Kristel komust heil í höfn. ■

### Barnalegt fall



**Auður Jónsdóttir**
*rithöfundur*

„Sko! Ég var að baka smákökur og passaði mig að blasta bara jólalögum með Ragga Bjarna. En þegar ég skaust frá þá glumdi allt í einu téð lag yfir allt. Börnin settu það á, grunlaus um að þau væru að drepa mig!“

### Dauðagildra í Hagkaupum



**Birgir Örn Steinarsson**
*sálfræðingur og tónlistarmaður*

„Dauður. Labbaði inn í Hagkaup og lagið var í kerfinu laugardaginn 18. desember.“

### Lítill hvellur



**Jón Óskar**
*myndlistarmaður*

„All Quiet on the Western Front. Ég er miður mín að vera ekki meiri hvellur í þessari keppni. Það hefði verið gaman að falla bálreiður í valinn.“

### Ótrúlegt en satt



**Kara Kristel**
*samfélagsmiðlastjarna*

„Já, án gríns. Ótrúlegt en satt og ég er eiginlega hissa að vera ekki búin að heyra.“

### Gleði í eftirpartíi



**Kristlín Dís Ingilinardóttir**
*blaðakona*

„Var að heyra lagið núna!! Var í eftirpartíi aðfaranótt Þorláksmessu þegar þessu var slengt á fóninn. Þvílík gleði. Guðslifandi fegin að þessu sé lokið.“




Um leið og við óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla þá minnum við á að við verðum með allt okkar fólk á vaktinni yfir hátíðarnar **- því við erum til fyrir þig.**







Ragnhildur Steinunn og Sveppi verða í þvottekta hátíðarskapi á jóladag enda saman í sjónvarpi í fyrsta sinn. MYND/AÐSEND



# Jólagestagangur hjá Sveppa og Ragnhildi Steinunni

**Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir og Sverrir Þór Sverrisson, Sveppi, taka höndum saman á skjánum í fyrsta skipti að kvöldi jóladags þegar þau taka á móti halarófu af góðum gestum í sérstakri Jólastund í Ríkisútvarpinu.**

odduraevar@frettabladid.is

Ragnhildur Steinunn og Sveppi eiga bæði langan feril að baki í sjónvarpi þar sem þau hafa víða komið við en hafa þó aldrei deilt skjánum saman fyrr en á jóladagskvöld í þættinum Jólastundin með Ragnhildi Steinunni og Sveppa.

„Þetta verður tæplega klukkustundarlangt, sannkallað jólaboð fyrir alla fjölskylduna þar sem við ætlum að njóta þess að vera saman, kætast og gleðjast yfir jólunum," segir Ragnhildur Steinunn um veisluna sem hermt er að sé heimsins skemmtilegasta jólaboð. Heims um ból og amen.

**Allir mættir**

Jólagestalistinn er enda ekki af verri endanum en þau Sveppi taka meðal annars á móti Bassa Maraj, Annie Mist, Villa Neto, Katrínu Halldóru, þríburaforeldrunum Hönnu og Arnari, leikkonunni Ebbu Katrínu, hinum unga og efnilega leikara Hlyni Atla og fleirum.

„Þeir Auddi og Emmsjé Gauti mæta með börnin sín, við bökum jólapitsu, kíkjum á yfirskreytt hús og færum hið vinsæla jóla lag All I want for Christmas yfir á íslensku með hjálp Frikka Dórs og Ágústu Evu."

Ragnhildur Steinunn lofar veislu enda þau Sveppi ansi gott dúó. „Við eigum okkur ansi skemmtilega samstarfssögu. Við lékum saman í Kalla á þakinu og svo vorum við auðvitað saman í Astrópíu og þrátt fyrir að við séum mjög ólíkir einstaklingar held ég að við höfum alveg fundið það að við erum skemmtileg blanda þegar við blöndum vitleysunni í okkur báðum saman," segir Ragnhildur hlæjandi.

**Skemmtilegt upphaf**

Sveppi er tilbúinn að fallast á að þetta sé skemmtilegt upphaf. „Astrópía! Þvílíka legendary stöffið," segir hann og hlær. „Við höfum hingað til alltaf verið sitt á hvorri sjónvarpsstöðinni og það hefur blundað í okkur að gera eitthvað saman, og hver veit nema að þetta sé upphafið að einhverju skemmtilegra!? Það verður öllu tjaldað til í þessum þætti," segir Sveppi.

> **Við höfum alveg fundið það að við erum skemmtileg blanda þegar við blöndum vitleysunni í okkur báðum saman.**
>
> Ragnhildur Steinunn

Þetta er í fyrsta skiptið sem sjónvarpsmaðurinn einlægi stýrir þætti á RÚV. „Ég veit ekki hvort ég eigi að segja þetta upphátt en það hljómar eins og einhver endastöð," segir Sveppi og skellir upp úr.

„Nei, ég segi bara svona. Það verða allir að horfa enda verður þátturinn á öllum skalanum og við tjöldum þarna til öllu því skemmtilegasta sem okkur datt í hug, förum yfir árið og spjöllum við fólk sem hefur verið að gera góða hluti."

***Fólk hlýtur að setjast í sófann?***

„Ég ætla bara rétt að vona það!" segir Ragnhildur Steinunn og getur ekki frekar en Sveppi stillt sig um að hlæja aðeins meira. ■

# Hryllingsfjölskyldan tæklar Covid

toti@frettabladid.is



Fagnaðarfundir voru hjá jólasveininum og jólahryllingsfjölskyldunni þegar Jónas Breki, Gúrý og börnin mættu í gervi Trölla í Tívolí. MYND/AÐSEND

Hjónin Jónas Breki Magnússon gullsmiður og Gúrý Finnbogadóttir, fata- og skartgripahönnuður, búa í Kaupmannahöfn ásamt tveimur börnum þaðan sem þau hafa um árabil sent hryllileg jólakort. Vinum og vandamönnum til mikillar gleði.

Þau eru sannkölluð jólahryllingsfjölskylda og stíga árlega fram sem slík þegar þau bregða sér í gervi persóna úr þekktum hrollvekjum, skunda í Tívolí í Köben og láta taka af sér mynd með jólasveininum sem síðan er notuð í jólakort.

Síðustu ár hafa þau hitt jólasveininn í gervi djöfullegrar nunnu, morðóða trúðsins Pennywise úr IT og sjálfs Jókersins svo eitthvað sé nefnt.

Þau eru á aðeins léttari nótum í ár og umbreyttu sér í The Grinch, Trölla sem stal jólunum. Það kemur þó ekki til af góðu en þannig gefa þau Covid, sem aftur stelur jólunum, fingurinn.

„Við ákváðum að velja Grinch út af því að hann hatar jólin," segir Jónas Breki og áréttar að fjölskyldan deili því viðhorfi ekki með Trölla. „Við erum ekki svoleiðis en við virkilega hötum þetta Covid."

Þau rétt náðu fundi jólasveinsins áður en Tívolí var lokað vegna faraldursins en í fyrra var auðvitað allt lokað. „Gúrý var í fjóra tíma að mála okkur öll og jólasveininn mundi auðvitað eftir okkur enda var hann með okkur bæði þegar við vorum The Nun og Joker," segir Breki og bætir hlæjandi við að þegar ljósmyndarinn var að prenta út myndina hafi jólasveinninn viljað fá eitt eintak fyrir sjálfan sig." ■

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

# Afgreiðslutími Orkunnar yfir hátíðarnar

Dælurnar okkar eru auðvitað opnar allan sólahringinn, alltaf.

| | 24. des. | 25. des. | 26. des. | 31. des. | 1. jan. |
|---|---|---|---|---|---|
| **Vesturlandsvegur** | Opið til 17:00 | LOKAÐ<br>Opnar á miðnætti | Opið allan sólarhringinn | Opið allan sólarhringinn | Opið allan sólarhringinn |
| **Suðurfell** | Opið til 17:00 | LOKAÐ<br>Opnar á miðnætti | Opið allan sólarhringinn | Opið allan sólarhringinn | Opið allan sólarhringinn |
| **Dalvegur** | Opið til 17:00 | LOKAÐ<br>Opnar á miðnætti | Opið allan sólarhringinn | Opið allan sólarhringinn | Opið allan sólarhringinn |
| **Fitjar** | Opið til 17:00 | LOKAÐ<br>Opnar á miðnætti | Opið allan sólarhringinn | Opið allan sólarhringinn | Opið allan sólarhringinn |
| **Hagasmári** | Opið til 17:00 | LOKAÐ | Opið<br>10:00- 24:00 | Opið til 18:00 | Opnar 11:00 |
| **Bústaðavegur** | Opið til 17:00 | LOKAÐ | Opið<br>10:00- 23:00 | Opið til 18:00 | Opnar 11:00 |

# NÝTUM ORKUNA TIL AÐ FLOKKA

## Umbúðagámur:
- jólapappír
- pappi
- plast

**Umbúðagámar eru á eftirtöldum stöðum hjá Orkunni 20. - 29. des**

♻ Gylfaflöt, Reykjavík
♻ Kleppsvegi, Reykjavík
♻ Suðurströnd, Seltjarnarnesi
♻ Reykjavíkurvegi, Hafnarfirði

terra | ORKAN

frettabladid.is
550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is




## Bakþankar

Jóhönnu Vigdísar Guðmundsdóttur

# Kraftaverkin í desember

Í dag er vika eftir af stórmerkilegu og stórskrýtnu ári. Ári sem við höfum eytt í einangrun, sóttkví, samkomutakmörkunum, með grímur, að horfa á eldgos eða bíða eftir næsta skjálfta, ýmist í eins eða tveggja metra fjarlægð frá næsta manni.

Þessa árs verður einnig minnst sem ársins þegar forseti Bandaríkjanna hvatti til valdaráns, þegar aurskriður féllu á Seyðisfjörð, þegar Talibanar komust aftur til valda í Afganistan, þegar Britney var frelsuð, ársins þegar milljarðamæringar kepptust um geimferðir, árs gróðurelda, hamfaraflóða og veðurbreytinga, ársins þegar rafhlaupahjól urðu ferðamáti í Reykjavík, ársins þegar #MeToo-byltingin skók KSÍ og hetjur féllu af stalli.

Ég ætla að minnast desember sem mánaðarins þegar vinir ungrar konu, sem nýverið greindist með alvarlegan hrörnunarsjúkdóm, lýðvirkjuðu kærleikann. Facebook var notað til góðra verka og með séríslenskum samtakamætti var safnað í jólagjöf – svo konan gæti ferðast og búið til góðar minningar með dætrum sínum á meðan heilsan leyfir. Þetta gerir mig meyra og óendanlega stolta af samferðafólkinu í lífinu.

Við erum sérfræðingar í átaksverkefnum, spretthlaup eru okkar fag. Við semjum lög um að hlýða Víði og birgjum okkur upp af dósamat við fyrstu samkomutakmarkanir. Við getum staðið saman, erum þrautgóð á raunastund, þrjósk þegar þess þarf, útsjónarsöm þegar flest sund virðast lokuð. Nú þurfum við að æfa langhlaupið. Klára endasprettinn saman.

Kraftaverkin gerast nefnilega í desember, með rísandi sól, minningum um þau sem eru farin, ást og kærleika til fólksins okkar, sörum og hangikjöti. Gleðileg jól. ■




